

Sp. 960. Skýrsla

fjármálaráðherra um greiðsluskyldur ríkissjóðs.

(Lögð fyrir Alþingi á 107. löggjafarþingi 21. maí 1985.)

I. PÁTTUR

Landbúnaðarmál.

Frá almennu sjónarmiði og ekki síst vegna fjármálastjórnar ríkisins er æskilegt að alþingismenn hafi undir höndum yfirlit þar sem hægt er að fá sæmilega mynd af því hvaða bagga Alþingi er í tímans rás búið að binda ríkissjóði — og enn þyrfti að taka tillit til.

Til að hefja þetta verk fól fjármálaráðherra Páli Líndal lögfræðingi að taka saman greinargerð um landbúnaðarmálin. Með skýrslu þessari liggur fyrir árangurinn af því starfi.

Greinargerðin skiptist í tvo hluta. Í þeim fyrri er heildaryfirlit um gildandi lagaákvæði á sviði landbúnaðarmála, sem kveða á um greiðslur úr ríkissjóði, en í síðari hluta er greint nokkuð frá þróun mála, gefið sýnishorn af því hvernig einn lagabálkurinn kemur höfundi fyrir sjónir og loks eru niðurstöður og ábendingar.

Er það von fjármálaráðherra að framlagning þessarar skýrslu geti orðið alþingismönnum til fróðleiks um ástand þessara mála.

I. H L U T I

Heildaryfirlit

Lagaskrá með efnisútdrætti. Fylgt er að mestu röð þeirri, sem notuð er í Lagasafni 1983.

1) Lög nr. 64/1976 Ábúðarlög

Skýldur ríkissjóðs sem landsdrottins gagnvart ábúendum ríkisjarða fela í sér vissar fjárhagsskuldbindingar, sjá einkum III. kafla.

2) Lög nr. 65/1976. Jarðalög.

Jarðalög, með breytingum skv. lögum nr. 90/1984, sem raska greinaröð eftir að kemur að 20. gr.

8. gr. Tiltekin skylda til kaupa á fasteign.

20. gr. Kostnaður við störf jarðanefnda greiðast að hálfu úr ríkissjóði. Búnaðarsambönd greiða hluta á móti ríkissjóði, sem aftur veitir þeim tiltekinn styrk, skv. ákvæðum jarðræktarlaga. Landbúnaðarráðherra ákveður þóknun nefndarmanna.

39. gr. Við jarðadeild landbúnaðarráðuneytis starfar Jarðasjóður ríkisins. Ætla skal sjóðnum það fjármagn á fjárlögum, að hann geti sinnt hlutverki sínu samkvæmt jarðalögum, sbr. 42. grein. Hlutverkinu er lýst í VI. kafla laganna, sjá einkum 39.-41. gr. Hann greiðir þóknun manna, sem skipaðir eru til að meta kaupverð jarða, sem Jarðasjóður áformar að kaupa og mats er óskað á. Landbúnaðarráðherra ákveður þóknun. Þessi ákvæði eru í 36. gr.

3) Lög nr. 45/1971 um Stofnlánadeild landbúnaðarins og Byggingarstofnun ríkisins með breytingum skv. lögum nr. 90/1984.

(Haldið er greinaröð í Lagasafni 1983, þar sem löggin hafa ekki enn verið gefin út að nýju eftir breytingarnar eins og mælt er fyrir í 14. gr. laganna frá 1984.)

Í 1. gr. segir, að Stofnlánadeildin sé deild í Búnaðarbanka Íslands, en ríkissjóður ber alla ábyrgð á skuldbindingum hans, skv. 2. gr. laga nr. 28/1976.

Í 4. gr. 1. t.l. er kveðið á um það, að ríkissjóður leggi árlega fram 250 þús. til deildarinnar, en auk þess skv. 5. t.l. árlegt framlag, sem nemi jafnhárrí fjárhæð og tekjur, skv. 2. og 3. t.l. Þá er átt við 1/2-1% gjald á söluvörur og þjónustu landbúnaðarins, skv. reglugerð nr. 627/1982 og 1% gjald á óniðurgreitt heilðsöluverð landbúnaðarvara og með þeim hætti, sem nánar er lýst í þeim tölulið.

Í 6. gr. er greint frá meginþjónarmiðum, sem eigi að gilda um fjárfestingarlán til landbúnaðarins og þjónustufyrirtækja hans. Þar er gert ráð fyrir, að landbúnaðarráðherra (nú viðskiptamála-ráðherra?) staðfesti reglur um þetta efni, en þær virðast ekki hafa verið settar. Upphæð lána má "að jafnaði vera allt að 60% kostnaðar-verðs". Heimilt er þó að fara upp í 70%.

Í 11. gr. segir, að ríkissjóður ábyrgist allar skuldbindingar stofnlánadeildar. Þetta ætti að leiða af því, sem segir í 1. gr.

Í 70. gr. segir, að kostnaður af rekstri Byggingarstofnunar ríkisins greiðist af Stofnlánadeildinni. Starfsemin er töluvert umfangsmikil eins og 67. gr. ber með sér, en í 68. gr. segir að stofnuninni sé heimilt að selja þjónustu sína "á sanngjörnu verði samkvæmt ákvörðun stjórnar Stofnlánadeildarinnar". En stjórn sú er skipuð þannig, að í henni sitja bankaráðsmenn Búnaðarbankans að viðbættum tveim fulltrúum, öðrum frá Búnaðarfélaginu, en hinum frá Stéttarsambandi bænda.

4) Lög nr. 104/1940 um heimild fyrir ríkisstjórnina til að kaupa nokkrar jarðir og afnotarétt jarða í Ölfusi.

Í 1. gr. er kveðið á um það til hvaða eigna löginn taki, en heimildin er veitt í því skyni, að þar verði undirbúin stofnun nýbýla eða nýbýlahverfa.

5) Lög nr. 89/1966 um Framleiðnisjóð landbúnaðarins.

4. gr. Stofnframlag ríkissjóðs er 50 millj. króna; á árunum 1972-1976 skulu greiddar úr ríkissjóði 50 millj. króna, 10 millj. á ári.

6) Lög nr. 79/1972 Jarðræktarlög

4. gr. Héraðsráðunautar í jarðrækt og bótækni skulu vera svo margir sem nauðsyn krefur, að dómi stjórnar Búnaðarfélags Íslands, enda samþykki landbúnaðarráðherra tölu þeirra og starfssvæði.

5. gr. 1. mgr. Kostnaður við framkvæmd jarðræktarlaganna greiðist úr ríkissjóði eftir reikningi sem landbúnaðarráðherra samþykkir. Í 2. gr. segir m.a., að Búnaðarfélag Íslands hafi á hendi umsjón með framkvæmd þeirra ræktunarmála, sem ríkisframlag er veitt til skv. lögum.

5. gr. 2. mgr. Ríkissjóður greiðir búnaðarsamböndum 65% af launum héraðsráðunauta, aðstoðarmanna og trúnaðarmanna og allt að 65% af ferðakostnaði héraðsráðunauta skv. ákvörðun landbúnaðarráðuneytisins, að fengnum tillögum B.Í.

7. gr. Ákvæði laganna um ríkisframlag til jarðræktar og húsabóta ná til:

1. Allra jarðeigna í landinu, er teljast lögbýli skv. ábúðarlögum að undanskildum jörðum og jarðahlutum í skipulögðu þéttbýli.
2. Nýbýla, sem stofnuð eru skv. lögum.
3. Ræktunarlóða á þéttbýlisstöðum, sem liggja utan takmarka "skipulags byggingarlóða" (!)
4. Félagsbundinna ræktunarframkvæmda.

10. gr. (1. mgr. hennar er formlega 1. gr. laga nr. 43/1979 um breytingu á jarðræktarlögum).

Framlög skal greiða úr ríkissjóði til eftirtalinna framkvæmda í jarðrækt, enda hafi B.Í. og Stofnlánadeild landbúnaðarins komið sér saman um "stærðarmörk framkvæmdanna" eins og þar er nánar lýst; en þau ákvæði eru í lögum nr. 79/1972. Hér er átt við framkvæmdir, sem hér segir:

- I. Framræslu vegna tún-, akur-, engja- og hagaræktar, skv. sundurliðun, sem er í 7 liðum, a-g-liðum.
- II. Jarðrækt, skv. sundurliðun, sem er í 5 liðum, a-f
- III. Grjótnám úr ræktunarlandi.

- IV. Girðingar um ræktunarlönd og heimahaga.
- V. Áburðargeymslur.
- VI. Hey-, garðávaxta- og verkfærageymslur.
- VII. Vatnsveitur til heimilis- og búsparfur.
- VIII. Til kölkunar á túnum.
- IX. Ákvæði til bráðabirgða (2. gr. laga nr. 43/1979).

Þau fela í sér heimild til landbúnaðaráðherra til að ákveða tiltekin frávík frá framangreindum framlögum. Hér er um skerðingu að ræða á næstu 5 árum frá 1979 (1980) "í samráði við stjórn B.Í."

Landbúnaðaráðherra gerir, að höfðu samráði við stjórn Framleiðniráðs landbúnaðarins tillögu til ríkisstjórnarinnar um ráðstöfun á því fé, sem sparast skv. skerðingarheimildinni "til annarra verkefna, sem lúta að framkvæmd þeirrar stefnu, sem mörkuð er fyrir landbúnaðinn".

11. gr. er um skilyrði fyrir því, að framlög samkvæmt 10. gr. gerði greitt út.

12. gr. kveður á um verðlagsuppbót á framlögin, og í viðauka við þá grein, 4. gr. 1. nr. 43/1979 eru nánari ákvæði um, hvernig ráðherra skuli veita framlög skv. fjárlögum 1980-1985.

18. gr. geymir ákvæði um "Jöfnunarsjóð fyrir skurðgröft", um þar tiltekið jöfnunarsjóðsgjald, sem nánar er skilgreint í 17. gr. Þar segir og að Búnaðarfélag Íslands ákveði og annist allar greiðslur úr sjóðnum skv. reglugerð, sem sett er að fengnum tillögum B.Í. Í reglugerðinni er þetta ákvæði tekið upp, að félagið "ákveði og annist allar greiðslur úr sjóðnum", 2. mgr. 17. gr. reglug. nr. 359/1979.

24. gr. Þar er mælt fyrir um það, að andvirði helmingis af eignum Vélasjóðs, sem leggja skyldi niður í árslok 1972, skyldi renna í sérstakan sjóð til að styrkja álitlegar tækninýjungar í landbúnaði eftir tillögum Búnaðarþings. Reglugerð, sem um ræðir í greininni, virðist ekki hafa verið sett, og ekki er neitt að finna í lögnum um, hvernig hinum helmingnum hafi verið ráðstafað; ætla má, að hann hafi runnið í ríkissjóð.

7) **Lög nr. 7/1945 um jarðræktar- og húsagerðarsamþykktir í sveitum.**

8. gr. eins og henni er breytt með 1. gr. laga nr. 62/1950). Þar er mælt svo fyrir, að vélanefnd ákveði í samráði við stjórn B.Í., hve margar vélar af hverri tegund njóti styrks úr Framkvæmdasjóði ríkisins (um hann gilda lög nr. 55/1942).

9. gr. (formlega 1. gr. laga nr. 26/1955). Þar er ákveðið að veita skuli á "næstu 6 árum allt að 6 millj. króna til greiðslu helmings af kostnaðarverði þeirra véla og verkfæra, kominna á ákvörðunarstað, er vélanefnd telur þörf á til framkvæmdar á lögum þessum."

12. gr. (formlega 5. gr. laga nr. 62/1950). Kostnaður við eftirlit með vélum og verkfærum, sem keypt eru samkv. lögum þessum svo og kostnaður við námskeið fyrir þá, sem á vélum vinna, greiðist úr ríkissjóði.

19. gr. Byggingar, sem reistar eru skv. ákvæðum laganna, "skulu gerðar eftir teikningu og eftir fyrirsögn teiknistofu landbúnaðarins (nú Byggingarstofnun landbúnaðarins) eða trúnaðarmanna hennar."

21. gr. (formlega 1. gr. laga nr. 29/1948). Ríkissjóður greiðir styrk, 2/3 af kostnaðarverði þeirra veggjamóta, véla og verkfæra, kominna á ákvörðunarstað, er forstöðumaður teiknistofu landbúnaðarins og nýbýlastjórn telja búnaðarsamböndum, sem taka að sér byggingar, sbr. 15. gr., þörf á til byggingarstarfsemi sinnar.

8) **Lög nr. 58/1915 um mælingar á túnum og matjurtagörðum.**

Í lögnum er mælt svo fyrir, að Stjórnarráðið sjái um gerð uppdráttar af túnum og matjurtagörðum utan kaupstaða, sbr. reglugerð nr. 10/1916. Landssjóði ber að greiða upp í kostnað 3 kr. við gerð uppdráttar vegna hvers býlis, en hreppsjóður það, sem á vantar. Þennan kostnað skal síðan endurheimta samkvæmt niðurlögunum á jarðir í hverjum hreppi; þó ekki hærri upphæð en 10 kr. á hvert býli.

9) **Lög nr. 51/1981 um varnir gegn sjúkdómum og meindýrum á plöntum.**

6. gr. Heimilt er að greiða kostnað við "samræmda herferð gegn ákveðnum skaðvaldi", úr ríkissjóði.

10) Lög nr. 3/1955 um skógrækt

8. gr. Ef ákveðið er að banna eða takmarka beit á einstökum lands-
svæðum þar sem skógarkjarr eða annar gróður skóglendis er í hættu,
skulu koma fyrir bætur úr ríkissjóði.

20. gr. (áður 21. gr., en breytt með l. nr. 76/1984). Heimilt er
ráðherra að fenginni tillögu skógræktarstjóra að kosta girðingu um
skóglendi, sem er í bersýnilegri hættu.

22. gr. (áður 23. gr.). Ríkissjóður greiðir 30% af kostnaði manna
við girðingu um trjálundi á landi sínu og eiga ekki kost á stuðningi
skv. öðrum greinum laganna. Ákveðin skilyrði eru sett.

24.-25. gr. (forml. 3. gr. a. og b. liðir laga nr. 76/1984). Ríkis-
sjóður styrkir ræktun nytjaskóga, greiðir allt að 80% stofnkostnaðar,
eftir því sem fé er veitt til þess á fjárlögum.

26. gr. (3. gr. c-liður laga nr. 76/1984). Ef Skógrækt ríkisins
vanefnir samning, skv. b-lið 25. gr. er landeiganda (umráðamanni)
heimilt að framkvæma nauðsynlegar aðgerðir á kostnað skógræktarinnar.

31. gr. Skógrækt ríkisins gerir í samráði við landbúnaðarráðuneytið
tillögur til fjárveitingarvaldsins um framlög til skógræktaráætlana
(skógarbúskapar).

11) Lög nr. 22/1966 um viðauka við lög nr. 3/1955 um skógrækt.

1. gr. Ríkissjóður styrkir ræktun skjólbelta eftir því sem fé er
veitt á fjárlögum.

6. gr. Styrkur má nema 1/3 kostnaðar við girðingar og 1/2 af andvirði
trjáplantna og kostnaðar við gróðursetningu.

12) Lög nr. 17/1965 um landgræðslu.

3. gr. Skv. greininni (formlega séð 1. gr. laga nr. 54/1975) skipar landbúnaðarráð- herra landgræðslustjóra að fengnum tillögum stjórnar B.Í., sem jafn- framt hefur umsjón með landgræðslumálum fyrir hönd ráðherra.

8. gr. (formlega 5. gr. laga nr. 11/1973). Landgræðslu ríkisins er heimilt að styrkja sveitarfélög o.fl. til uppgræðslu, jarðvegs- og gróðurverndargerða. Framlög mega nema 2/3 kostnaðar við slíkar framkvæmdir.

9. gr. Landgræðslan hefur heimild til að taka efni til landgræðslu í nágrenni landgræðslusvæða. Landeigandi á rétt til bóta.

19. gr. (formlega 1. gr. laga nr. 42/1982). Kostnaður vegna gróðurverndarnefnda greiðist 2/3 af fé Landgræðslu ríkisins.

Gert er ráð fyrir tilteknum greiðslum úr ríkissjóði, sbr. 2. gr., 7. gr. og 14. gr.

13) Lög nr. 68/1917 um áveitu í Flóanum.

14) Viðaukalög um sama nr. 10/1926.

1. gr. gerir ráð fyrir ríkisframlagi.

15) Viðaukalög um sama nr. 56/1933.

1. gr. um eftirgjöf skulda.

16) Lög nr. 43/1930 um greiðslu kostnaðar af Skeiðaáveitunni.

1. gr. Þar er heimilað að ríkissjóður taki að sér greiðslu tiltekinna lána.

17) Viðaukalög nr. 77/1936.

1. gr. Um eftirgjöf skulda.

- 18) Búfjárrættarlög nr. 31/1973. - Þessum þætti eru gerð fyllri skil í VII. kafla.

I. kafli, um stjórn búfjárrættarmála o.fl.

1. gr. B.Í. fer með framkvæmd laganna fyrir hönd landbúnaðarráðuneytisins. Það sér um greiðslur á öllum framlögum úr ríkissjóði skv. lögnum og hefur eftirlit með notkun fjármunanna.

4. gr. 2. mgr. Ríkissjóður greiðir 65% af launum héraðsráðunauta og allt að 65% af ferðakostnaði þeirra eftir ákvörðun landbúnaðarráðuneytisins að fengnum tillögum B.Í.

II. kafli, um nautgriparétt

7. gr.

1. mgr. b-liður. Búnaðarsambönd fá stofnframlag úr ríkissjóði 1/3 af kostnaði við dreifingarstöð nautasæðis.

1. mgr. d-liður. Ríkissjóður greiðir 65% af launum sæðingarmanna á dreifistöð svo og kr. 65.00 í framlag á hverja sædda kú.

8. gr. Ríkissjóður greiðir 65% af launum starfsmanna nautastöðva og allan aukakostnað, er leiðir af einangrun nauta utan djúpfrystistöðvar, er sauðfjárveikivarnir kunna að ákveða hverju sinni.

9. gr. Búnaðarsambönd og búnaðarfélag, sem fengið hafa búfjárrættarsamþykktir staðfestar af B.Í. fá árlegt framlag "kr. 80 á hverja árskú".

10. gr. Í greininni er mælt fyrir um, að ríkissjóður greiði framlög til afkvæmarannsóknna á nautum, sem B.Í. hlutast til um. Sundurliðað er í 1.-3. lið, hve háar greiðslur sé um að ræða.

11. gr. Í greininni eru sundurliðuð ákvæði um framlög ríkissjóðs, bæði vegna nautgripasýninga og verðlauna í sambandi við þær.

12. gr. Ríkissjóður greiðir framlag til ákveðins eftirlits með allt að 50 kúabúum.

III. kafli um sauðfjárrækt

15. gr. Búnaðar- eða fjárræktarfélag, sem fengið hefur samþykkt sína staðfesta af B.Í. fær árlegt framlag úr ríkissjóði:

kr. 10.00 á hverja skýrslufærða á
kr. 700.00 á hvern hrút, sem hlotið hefur 1. verðlaun
kr. 3000.00 á hvern hrút, sem hlotið hefur góðan dóm við afkvæmaprófun eða 1. verðlaun á afkvæmasýningu.

Séu 80% af ám félagsmanna eða þar yfir á skýrslu hækka framlögin um 50%.

16. gr. Ríkissjóður greiðir 1/3 af byggingarkostnaði sæðingarstöðva fyrir sauðfé, svo og verkfærum og öllum búnaði, enda séu stöðvarnar samþykktar af landbúnaðarráðuneytinu að fengnum tillögum B.Í.

Þá greiðir ríkið rekstrarframlög kr. 25.00 á hverja sædda á, enda hafi B.Í. samþykkt hrútaval stöðvar þeirrar, sem í hlut á.

17. gr. Ríkissjóður greiðir framlög til dreifingar á hrútasæði, eftir reglum 16. gr.

18. gr. Veita má framlög til stofnræktunar sauðfjár hjá einstökum bændum eða ríkisbúum, kr. 115.00 á hverja á, "skýrslufærða í stofnræktun".

23. gr. Ríkissjóður leggur fram 2/3 verðlauna á afkvæmasýningum sauðfjár, og er sundurliðað rækilega í greininni, hvernig verðlaunum er háttað.

24. gr. Í greininni er kveðið á um framlög ríkissjóðs til "afkvæmarannsóknna á hrútum."

26. gr. Í greininni er mælt fyrir um ríkisframlög til bænda, sem eiga geitfé, allt að kr. 800.00 á geit þó ekki út á fleiri geitur en 200 í landinu öllu.

IV. kafli um hrossarækt.

28. gr. Ríkissjóður leggur árlega fram kr. 15.00 á hvert framtalið hross gegn jöfnu framlagi úr sveitasjóði. Af því renna 20% til hlutaðeigandi hrossaræktarfélags, sbr. 27. gr.

29. gr. Hrossaræktarfélög fá auk framlaga, skv. 28. gr., framlag úr ríkissjóði kr. 200.00 á hverja tamda hryssu, sem hlotið hefur I. eða II. verðlaun á tilteknum sýningum og leidd er til stóðhests, er hlotið hefur samsvarandi verðlaun.

Framlag þetta getur hækkað um 50%, skv. reglum í 2. mgr.

30. gr. Hrossaræktarfélög geta hlotið framlög kr. 5000.00 á hvern stóðhest, sem notaður er á vegum þess.

Þá greiðir ríkissjóður framlag, sem nemur efniskostnaði til girðingar fyrir úrvalsstóðhesta og valdar hryssur og til geymslu á stóðhestum og hestum í uppeldi.

Ennfremur greiðir ríkissjóður "20% af framlagi því, sem greiðist til hrossaræktar, sbr. 29. gr."

35. gr. Þar er kveðið á um verðlaun (18 tegundir verðlauna) á sýningum kynbótahrossa, upphæðir, en kostnaðarhlutdeild ríkissjóðs er ákveðin í 34. gr.

36. gr. Heimilt er að reka á kostnað ríkissjóðs tvö hrossaræktarbú í landinu. Starfa þau eftir reglum, sem ráðuneytið setur að fengnum tillögum B.Í.

Ríkissjóður greiðir árlegt framlag til tamningar á afkvæmahópum undan einstökum stóðhestum, kr. 3300.00, ef hesturinn er í eigu hrossaræktarsambands, en kr. 1650.00, ef hann er í einstaklingseign. B.Í. setur nánari reglur um framkvæmd og ákveður hámarksfjölda hesta, sem framlag greiðist til árlega.

41. gr. Halda má einstaklings- og afkvæmasýningar fyrir svín og alifugla. Verðlaun á sýningu greiðast úr ríkissjóði eftir nánari fyrirætlum, sem ráðherra setur í reglugerð eftir tillögum frá B.Í.

44. gr. B.Í. ræður til sín ráðunaut í loðdýrarækt, þegar fé er veitt til.

IX. kafli. Um rættun erlendra búfjáarkynja o.fl.

Í þessum kafla eru ekki bein ákvæði um ríkisframlög, en þau hljóta að koma til, t.d. í sambandi við 52. gr. Þar er ákveðið, að landbúnaðarráðherra skuli hlutast til um, að komið verði á fót sérstöku búi til rættunar holdanauta. "Búið standi undir umsjá og eftirliti Búnaðarfélags Íslands".

54. gr. Ríkissjóður greiðir 65% af þóknun þeirra aðstoðarmanna, sem ráðnir eru af stjórn búnaðarsambands til aðstoðar við forðagæzlu.

60. gr. Verði teknað upp sæðingar fleiri búfjártegunda en sauðfjár og nautgripa, greiðir ríkissjóður til þess framlag, sem landbúnaðarráðherra ákveður að fengnum tillögum B.Í.

62. gr. Á framlög, sem ákveðin eru í búfjárræktarlögum, greiðist verðlagsuppbót samkvæmt vísitölu. Hagstofa Íslands ákveður grundvöll vísitölu þessarar í samráði við B.Í.

19) Lög nr. 74/1962, um innflutning búfjár.

3. gr. Allan kostnað við kaup búfjárins skal greiða úr ríkissjóði, enda sé hið innflutta búfjé eign ríkisins. Fjárframlög ríkissjóðs í þessu skyni skulu ákveðin í fjárlögum.

4. gr. Áður en búfé er flutt inn skv. lögum, skal ríkið byggja sóttvarnarstöð svo og setja saman bú á eyju í nágrenni Reykjavíkur, þar sem hins innflutta fénaðar er gætt og hann ræktaður eftir því, sem í lögum segir og reglugerð samkvæmt þeim. Heimilt er landbúnaðarráðherra að kaupa eða leigja eyju eða eyjar í þessu sambandi.

13. gr. Allur kostnaður við stofnun sóttvarnarstöðvar og rekstur hennar, rannsóknir, kaup á gripum, sæði og búnaði o.s.frv. greiðist úr ríkissjóði.

16. gr. Landbúnaðarráðherra er heimilt í samráði við stjórn B.Í. og yfirdýralækni að kaupa íslenska nautgripi og flytja í stöðina.

20) Lög nr. 50/1929, um innflutning og rættun sauðnauta.

1. gr. Ríkisstjórnin skal svo fljótt sem því verður við komið, kaupa eða hlutast til um, að flutt verði til landsins nokkur sauðnaut til tilraunarættunar.

4. gr. Nauðsynlegan kostnað af framkvæmd laganna skal greiða úr ríkissjóði.

21) Lög nr. 44/1911 um heyforðabúr.

Samkvæmt 6. gr. laganna ber landssjóði að greiða tiltekinn hluta af árskostnaði við heyforðabúr, sem starfa samkvæmt lögnum.

22) Lög nr. 73/1917 um samþykktir um kornforðabúr til skepnufóðurs.

Samkvæmt 6. gr. laganna greiðir landssjóður tiltekinn hluta af árskostnaði við kornforðabúr, sem starfrækt eru samkvæmt lögum.

23) Lög nr. 80/1936, um fóðurtryggingasjóði

2. gr. Ríkissjóður skal leggja fram allt að 75 þús. krónur árlega til fóðurtryggingasjóða samkvæmt lögum þessum.

24) Lög nr. 77/1981, um dýralækna

5. gr. Dýralæknar í þjónustu ríkisins taka laun samkvæmt hina almenna launakerfi ríkisstarfsmanna.

13. gr. Í þeim umdæmum, þar sem mjólkurkúr eru færri en 1600, er heimilt að greiða héraðsdýralækni staðaruppbót, sem nemur hálfum byrjunarlaunum í umdæminu.

Þar sem eigi er embættisbústaður í umdæmi héraðslæknis er heimilt að greiða dýralækni skrifstofustyrk úr ríkissjóði.

14. gr. Þegar dýralæknir hefur störf sem héraðsdýralæknir, er heimilt að veita honum hagkvæmt lán til kaupa á bifreið.

Heimilt er í fjárlögum að gera ráð fyrir sérstakri upphæð til slíkra bifreiðakaupa.

Heimilt er að sjá hverju dýralæknisumdæmi fyrir sérstökum læknaáhöldum og tækjum.

Fyrir hver 10 ár, sem héraðslæknir hefur starfað, á hann rétt á 6 mánaða fríi á fullum launum, til framhaldsnáms. Greiðir ríkissjóður fyrir hann fargjald til þess lands, þar sem hann hyggst dveljast og til baka.

25) Lög nr. 22/1977 um sauðfjárbaðanir.

5. gr. Landbúnaðarráðherra getur skipað sérstakan framkvæmdastjóra til að stjórna framkvæmd útrýmingarboðum sauðfjár, og tekur hann laun úr ríkissjóði.

8. gr. Ef landbúnaðarráðherra fyrirskipar sauðaböðun sauðfjár vegna þess, að fjárkláða hefur orðið vart, þá greiðir ríkissjóður andvirði baðlyfja.

26) Lög nr. 11/1928, um varnir gegn gin- og klaufaveiki o.fl.

7. gr. (formlega 2. gr. laga nr. 16/1952). Í reglugerð um framkvæmd laganna getur ráðherra sett ákvæði um batur úr ríkissjóði fyrir gripi, sem slátrað verður, afurðatjónsbatur, greiðslu sótthreinsunar- kostnaðar o.fl.

27) Lög nr. 23/1956 um varnir gegn útbreiðslu nærna sauðfjársjúkdóma o.fl.

7. gr. Ríkissjóður getur þurft að taka þátt í greiðslu bóta, sem stafar af því, að jörð er svipt aðgangi að löndum sínum með varnargirðingu.

8. gr. Girðingar á aðalvarnarlinum skulu lagðar og þeim viðhaldið á kostnað ríkissjóðs. Í girðingar í aukavarnarlinum leggur ríkissjóður til efni og kostar viðhalds.

Varzla meðfram varnargirðingum skal kostuð af ríkissjóði.

Sauðfjársjúkdómanefnd úrskurðar reikninga um kostnað ríkissjóðs, skv. þessari grein.

9. gr. (formlega 5. gr. laga nr. 12/1967). Skyld er ríkissjóði að viðhalda varnarlinum svo lengi sem nauðsynlegt þykir, og er kveðið nánar á um framkvæmd í greininni.

10. gr. Varðmenn við varnarlinur, skv. 6.-9. gr. eru sýslunarmenn ríkisins.

13. gr. Heimilt er sauðfjársjúkdómanefnd að bæta að nokkru tjón vegna banns við flutningum sauðfjár og nautgripa yfir varnarlinur, og ákveður hún bætur.

14. gr. 3. mgr. (formlega 8. gr. laga nr. 12/1967). Sauðfjársjúkdómanefnd er heimilt að banna búfjárflutninga innan sauðfjársvarnarsvæðis, þótt ekki séu varnarlinur. Þá gilda reglur 13. gr. um bætur.

22. gr. (formlega 13. gr. laga nr. 12/1967). Sauðfjársjúkdómanefnd er heimilt, þar sem sauðfé eða nautgripir er sýkt eða "grunað af garnaveiki" að fyrirskipa reglulega rannsóknir. Lyf, tæki, kennsla og leiðbeiningar skal þá leggja til á kostnað ríkissjóðs. Annan framkvæmdakostnað "greiðir sauðfjársjúkdómanefnd" að hálfu.

23. gr. Sauðfjársjúkdómanefnd ákveður bætur fyrir búfé, sem slátrað er vegna þess, að það reynist sjúkt, svo og fé, sem slátrað er skv. ákvæðum 17. gr. (þ.e. fé sem slátrað er vegna þess að talið er að sjúkdómur hafi borizt yfir varnarlinu).

Það virðist leiða af eðli máls, að ríkissjóður beri kostnað af ráðstöfunum, sem leiðir af framkvæmd 7.-23. gr., en við fljótlegan yfirlestur hef ég ekki rekizt á bein ákvæði um slíkt. Þetta virðist t.d. leiða af meginreglum VI. kafla.

35. gr. Ef fjáreigandi, sem tekið hefur við líflömbum í sambandi við fjárskipti, verður fyrir tjóni eða óþægindum vegna þess, að nauðsynlegt þykir að bæða lömbin eða slátra þeim, á rétt á fullum bótum fyrir.

Í VI. kafla, 37.-42. gr., eru ákvæði um framlög ríkisins til fjárskipta (breytt með lögum nr. 12/1967):

37. gr. (formlega 14. gr. laga nr. 12/1967) fjallað er um við hvaða fjártölu skuli miða ríkisframlög vegna fjárskipta.

38. gr. Ríkissjóður skal greiða fjáreigendum afurðatjónsbætur, sem svarar 3/4 lambsverðs á bótaskylda kind. Skal framleiðsluráð landbúnaðarins ákveða verðið svo sem nánar er lýst í greininni. Kostnað við flutning líflamba á langleiðum inn á fjárskiptasvæði og yfirmumsjón sauðfjársjúkdómanefndar greiðir ríkissjóður.

39. gr. Ef nauðsynlegt telst að hafa svæði sauðlaust árlangt, eftir að niðurskurður hefur farið fram, skal ríkissjóður greiða fjáreigendum vegna afurðatjóns 3/4 lambsverðs fyrir hverja bótaskylda kind eða styrkja þá til að breyta um búskaparhætti eins og nánar er lýst í greininni.

40. gr. Í greininni eru ákvæði um, að ríkissjóði sé heimilt að greiða tiltekinn hluta bóta með ríkisskuldabréfum.

41. gr. Ákvæði um uppeldisstyrk til fjárbænda vegna vanhalda af fjársóttum.

42. gr. Ef landbúnaðarráðherra fyrirskipar niðurskurð til að útrýma sauðfjársjúkdómi með niðurskurði á sýktu eða grunuðu svæði, skal greiða fjáreigendum bætur "samkvæmt ákvæðum þessara laga".

43. gr. Sauðfjársjúkdómanefnd er heimilt að láta árlega safna skýrslum um hvers konar vanhöld á sauðfé svo og fénaðarhöld yfirleitt. Getur nefndin ákveðið, hvort og að hve miklu leyti kostnaður við þessa skýrslusöfnun greiðist úr ríkissjóði.

28) Lög nr. 25/1923 um berklaveiki í nautpeningi

4. gr. Þegar fyrirskipaður er niðurskurður á nautgripum skv. þessum lögum, greiðir ríkissjóður eiganda tiltekna bætur, svo og sótt-hreinsunarlyf og umsjón með sóttgreinsun.

29) Lög nr. 57/1944 um tilraunastöð í jarðrækt á Reykhólum

2. gr. Tilraunastöðin fær til eignar 165 ha. spildu úr landi Reykhóla. Landinu fylgja hitaréttindi. Þá fær tilraunastöðin á sama hátt "þrjár eyjar að eigin vali úr landareigninni".

Stofnkostnaður og rekstur skyldi greiddur úr ríkissjóði eftir því sem fé yrði veitt í fjárlögum, sbr. 26. gr. laga nr. 64/1940, en nú gilda um þetta ákvæði 1. gr. laga nr. 107/1974, um breytingu á lögum nr. 64/1965.

30) Lög nr. 29/1981 um tilraunastöð að Stóra-Ármóti

4. gr. Þátttaka ríkissjóðs í kostnaði við mannvirkjagerð og rekstur ákvarðast af fjárveitingu hverju sinni.

31) Lög nr. 20/1967 um Búreikningastofu landbúnaðarins

1. gr. Búreikningastofnun er undir yfirstjórn B.Í.

2. gr. Kostnaður við Búreikningastofuna greiðist úr ríkissjóði, samkv. ákvæðum fjárlaga.

32) Lög nr. 95/1981 um Framleiðsluráð landbúnaðarins

12. gr. 2. mgr. "Tryggja skal greiðslu á þeim halla, sem bændur kunna að verða fyrir af útflutningi landbúnaðarvara, en þó skal greiðsla vegna þessarar tryggingar ekki nema meira en 10% af heildarverðmæti landbúnaðarframleiðslunnar viðkomandi verðlagsár o.s.frv."

Í 13. gr. segir, að kostnaður af framkvæmd II. kafla laganna, 4.-12. gr., greiðist úr ríkissjóði. Þar með er talinn kostnaður við sexmannanefnd, sem skipuð er samkv. 5. gr., en undantekningarákvæði er um kostnað af tiltekinni gagnaóflun.

Skv. 2. gr. er landbúnaðarráðherra að fengnum tillögum Framleiðsluráðs og fulltrúafundar Stéttarsambands bænda heimilt að innheimta gjald af kjarnfóðri. Í c-lið segir: Framleiðsluráð fer með gæzlu þess fjár, sem innheimtast kann samkvæmt heimildum þessarar greinar (2. gr.) og ráðstafar því með samþykki landbúnaðarráðherra. Í sambandi við framkvæmd á c-lið er gert ráð fyrir, að til komi ákveðið framlag ríkissjóðs, eftir því sem þar er nánar lýst.

Í lokamgr. 2. gr. (auðkennd sem 2. gr. a) segir, að ágreiningur, sem rísa kunnir út af atriðum, sem falla undir þessa grein (kjarnfóðursgjaldið) skuli lagður til úrskurðar nefndar, sem í eiga sæti tveir fulltrúar stéttarsambands bænda og tveir fulltrúar B.Í. og einn fulltrúi landbúnaðarráðherra.

45. gr. "Landbúnaðarráðherra setur með reglugerð nánari ákvæði um framkvæmd laga þessara eftir tillögum Framleiðsluráðs."

33) Lög nr. 30/1966 um meðferð, skoðun og mat á sláturafurðum.

Í 9. gr. laganna er mælt svo fyrir, að ríkissjóði beri að greiða nánar tiltekinn kostnað við yfirmat sláturafurða, sbr. 37. gr. reglugerðar nr. 442/1977.

34) Lög nr. 21/1976, um flokkun og mat ullar.

Laun og ferðakostnaður yfirullarmatsmanna greiðast úr ríkissjóði, skv. 1. mgr. 5. gr. og 2. mgr. 6. gr.

35) Lög nr. 22/1976 um flokkun og mat á gærum.

Laun og ferðakostnaður yfirgærumatsmanna greiðast úr ríkissjóði, skv. 1. mgr. 5. gr. og 2. mgr. 6. gr.

36) Lög nr. 15/1928, um lífeyri fastra starfsmanna Búnaðarfélags Íslands.

Þar er mælt svo fyrir, að fastir starfsmenn félagsins eigi rétt á lífeyri með sama hætti og embættismenn ríkisins. Eiga þá vantanlega við ákvæði í b-lið 3. gr. laga nr. 29/1963 um Lífeyrissjóð starfsmanna ríkisins.

37) Lög nr. 52/1957, um eyðingu refa og minka.

Skv. 13. gr. þeirra laga greiðir ríkissjóður 2/3 af kostnaði við eyðingu refa og minka og auk þess greiðir hann Búnaðarfélagi Íslands laun, skrifstofu- og ferðakostnað veiðistjóra.

38) Lög nr. 29/1937 um útrýmingu sels í Húnaósi.

Ríkissjóður greiðir prestinum í Steinnesi (nú á Blönduósi) batur fyrir missi selveiðihlunninda, skv. 2. gr. laganna.

39) Lög nr. 64/1965 um rannsóknir í þágu atvinnuveganna.

Kostnaður við Rannsóknarstofnun landbúnaðarins, skv. V. kafla ofangreindra laga, greiðist úr ríkissjóði skv. 56. gr. (formlega 1. gr. laga nr. 107/1974) að því leyti, sem aðrar, nánar tiltekna tekjur, hrökkva ekki til.

40) Lög nr. 32/1979 um forfalla- og afleysingapjónustu í sveitum.

Samkvæmt 2. gr. er yfirstjórn þessarar þjónustu í höndum B.Í. í umboði landbúnaðarráðuneytisins. Dagleg umsjón og skipulag hennar er í höndum hlutaðeigandi búnaðarsambanda. Kostnaður við stjórnun og skipulagningu greiðist úr ríkissjóði eftir reikningi, sem B.Í. samþykkir.

Í 3. gr. er mælt svo fyrir, að ríkissjóður eigi að leggja fram árlega fé til að greiða mánaðarlaun 60 afleysingamanna.

Reglugerð er nr. 422/1979. Í 9. gr. hennar er greint frá launakjörum afleysingamanna.

II. H L U T I

Skipun landbúnaðarmála á Íslandi o.fl.

I. INNGANGUR

Sú skipun landbúnaðarmála, sem við búum nú við, að því er tekur til opinberra afskipta, virðist vera beint afkvæmi hagfræðikenna, sem voru ofarlega á baugi í Evrópu um og eftir miðja 18. öld.

Þá var sett fram í Frakklandi fræðilegt hagkerfi, sem svonefndir fysiokratar (búauðgismenn) stóðu að. Þar í flokki var einna fremstur læknirinn de Quesnay (1694-1774), sem er m.a. höfundur ritsins *Tableau Économique*, sem út kom árið 1758.

Hér er ekki ætlunin að gera kenningum fysiokrata nein almenn skil; ætlunin er að drepa aðeins á viðhorf þeirra til landbúnaðar, sem urðu mjög afdrifarík. Þeir boðuðu þá kenningu, sem kom mjög í bág við ríkjandi sjónarmið í efnahagsmálum, að landbúnaður og þá ekki sízt jarðyrkja, væri undirstaða annarra atvinnuvega. Eftir því yrðu menn að haga gerðum sínum.

Samkvæmt því væru þeir, sem ættu landið (la classe des propriétaires), hefðu með höndum ræktun þess og nýtingu, burðarás þjóðfélagsbyggingarinnar. Skilyrði þess, að þeir gætu staðið undir henni væri, að vel væri við þá gert, svo og þá, sem jörðina erjuðu, bændur, sem þá voru yfirleitt leiguliðar. Þeir voru kallaðir framleiðslustéttin (la classe productive).

Nú skyldi lokið stuðningi ríkisins, er tíðkæmt hafði, við það, sem þeir nefndu hina óvirku stétt (la classe stérile), en til hennar töldust þeir, sem stunduðu iðnað og verzlun.

Fyrir neðan og utan við þessar þrjár stéttir var stétt lítilmagnans (le petit peuple), verkalýður allur.

Kenning fysiokrata náði töluverðri útbreiðslu, féll vel að stjórnarháttum hins upplýsta einveldis og varð landbúnaðinum víða mikil lyftistöng; átti t.d. drjúgan þátt í að bændánauð var aflétt í ýmsum löndum.

Þessar kenningar höfðu t.d. veruleg áhrif í Danmörku og þaðan bárust þær til Íslands eins og annað það, sem í umheiminum gerðist á þeirri tíð.

Það var ekki sízt í álit og tillögum landsnefndarinnar, sem konungur skipaði 1770, að áhrif þeirra koma fram. Þessi nefnd hafði það viðfangsefni að gera tillögur um, hvernig unnt væri að bæta úr því dæmalausa eymdarástandi, sem þá ríkti hér á landi. Nefndin fékk mjög viðtækt erindisbréf, ekki aðeins varðandi fjármál og atvinnumál, heldur og um stjórnsýslu.

Heildargreinargerð nefndarinnar er prentuð í Lovsamling for Island IV. bindi, bls. 34-51 í sambandi við það, að árið 1774 var hinu svonefnda Tollkammeri í Kaupmannahöfn falið að sjá um frekari framkvæmd á tillög- unum, eftir því sem henta þætti.

Sitthvað af því, sem nefndin hafði gert tillögur um, hafði áður orðið mönnum íhugunar- og tillöguefni; sumt af því hafði komið í framkvæmd eins og stofnun Innrétttinganna í Reykjavík og í sambandi við þær innflutningur 14 danskra og norskra bændu til að leiðbeina landsmönnum í akuryrkju o.fl.; einnig stofnun fjárræktarbús á Elliðavatni. Úr öðru hafði minna orðið eins og konungsúrskurði frá 1751 um stuðning við akuryrkjutilraunir og ákvæðum í stjórnarbréfi 1755 um verndun skógarleifa.

Tillögur landsnefndarinnar voru mjög í samræmi við kenningar fysiokrata. Þótt minna yrði úr framkvæmdum en til stóð, verður það þó engan veginn allt skrifað á reikning stjórnvalda, því að nokkru eftir, að tekið var að vinna að framkvæmdum steðjuðu að geysilegir erfiðleikar eins og t.d. af völdum Móðuharðinda og styrjalda. Sjálfsagt má segja, að boginn hafi verið spenntur nokkuð hátt, enda vesöld og framtaksleysi hér á landi slíkt, að meira en meðalátak þurfti til að bæta úr, og því hlaut eiginlega að fara sem fórn.

Það, sem einkennir tillögurnar er það, hversu mikil ríkisforsjá er nú tekin upp í landbúnaðinum, sem var raunar eini teljandi atvinnuvegurinn hér á landi. Það var ekki aðeins, að stjórn hans og eftirlit með framkvæmd væri fengin embættismönnum, heldur ákveðið mjög margbrotið styrkja- kerfi og auk þess mælt rækilega fyrir um það, hvernig staðið skyldi að ákveðnum framkvæmdum.

Þegar litið er á þróun landbúnaðarmála hér á landi verður ekki annað sagt en stefna sú, sem fylgt er nú, sé í mörgum atriðum hin sama og fest var í lögum á tímabilinu 1772-1783.

Það þýðir engan veginn, að hún hljóti að vera röng; því fer fjarri. Hins vegar hlýtur það að vera íhugunarefni, hvort kenningar fysiokrata eins og þær voru útfærðar í lögum af dönsku stjórninni seint á 18. öld eigi við öllu lengur. Sitthvað hefur breytzt síðan, svo að ekki sé meira sagt. Kenning, sem var góð og gild seint á 18. öld, þarf ekki endilega að eiga við nú á dögum.

Til skýringar því sem nú var bent á, verður hér skráð örstutt yfirlit um helztu stjórnarákvarðanir um landbúnaðarmál 1772-1783.

II. STJÓRNARÁKVÖRÐANIR UM LANDBÚNAÐARMÁL 1772-1783.

Í þessu yfirliti er greint stuttlega frá helztu stjórnarákvörðunum (tilskipunum, konungsráskurðum o.p.h.) á sviði landbúnaðarmála á tímabilinu frá því, að áhrifa landsnefndarinnar fer að gæta, unz kemur að hinum gerbreyttu viðhorfum, sem Móðuharðindin sköpuðu.

1. Tilskipun um aðgerðir til að stöðva útbreiðslu (útrýma) á fjárskinni (fjárkláðanum) á Íslandi, dags. 12. maí 1772.

Fjárkláðinn hafði borizt hingað til lands með kynbótahrútum, sem fluttir voru til Íslands 1761 og komið fyrir á fjárræktarbúinu á Elliðavatni sem áður var minnzt á. Þeir voru fluttir hingað að opinberri tilhlutan, og var ætlunin sú, að með kynbótum sauðfjár fengist ull, sem hentaði betur ullarvinnslunni, sem fram fór á vegum Innréttinganna í Reykjavík. Frá fjárræktarbúinu barst þessi faraldur um Suðurland, Vesturland, nokkurn hluta Vestfjarða og Norðurland að Skjálfandafljóti. Fjárkláðinn olli gífurlegu tjóni í þessum landshlutum. Fallizt var á þá tillögu landsnefndarinnar, að hið opinbera gengist fyrir niðurskurði og fjárskiptum og jafnframt yrði eytt fjárhúsum, sem ætla mætti að smithætta stafaði af.

Hér var um kostnaðarsamar aðgerðir að ræða og lítt fyrir því hugsað í byrjun, hvernig um kostnað færi. Þessu lyktaði á þann veg, að í þrem konungsráskurðum 1773, 1775 og 1779, var ákveðið, að kostnaðurinn yrði að verulegu leyti, líklega mestu, greiddur úr konungssjóði.

2. Konungsráskurður um útgáfu á matjurtabók Eggerts Ólafssonar, dags. 23. júní 1774.

Þar er kveðið á um allriflegan styrk úr konungssjóði til þessarar útgáfu. Styrkur var á tímabilinu veittur til útgáfu á fleiri bókum eða og/eða bæklingum um landbúnaðarmál.

3. Bréf Tollkammersins til stiftamtmanns, dags. 14. marz 1775, um akuryrkjutilraunir á Íslandi.

Tilkynnt, að honum séu með Hólmskipi (til Reykjavíkur) sendar nokkrar tunnur af byggi og rúgi til akuryrkjutilrauna.

4. Bréf sama til hins sama, dags. 2. marz 1776, um sauðfjarrækt á Íslandi.

Þar er mælt fyrir um það nákvæmlega, hvernig haga skuli nýjum fjárhúsum, sem reist yrðu í stað eldri húsa, sem rifin væru vegna sýkingarhættu af völdum fjárkláðans. Var lögð við því refsing, ef út af þessum fyrirmælum yrði brugðið. Þá voru þar og ákvæði um val kynbótahrúta og notkun þeirra. Enn fremur var heitið stuðningi við útgáfu leiðbeiningarrits um sauðfjarrækt og einnig heitið verðlaunum þeim til handa, sem sköruðu fram úr í sauðfjarrækt.

5. Tilskipun um bygging eyðijarða (nýbýla), dags. 15. apríl 1776.

Í henni fólst, að þeim, sem byggði upp eyðibýli, var heitið ýmiss konar friðindum. Þar er fyrst að geta, að þeim var veitt allviðtækt skattfrelsi. Ef byggt var á eyðijörð inni í byggð og ekki fannst eigandi að jörðinni, gat "nýbýlingur" orðið eigandi jarðarinnar. Sama gilti, ef byggt var á eyðijörð í eyðibbyggð eða á afrétti. Um þetta voru ýtarleg ákvæði í tilskipuninni.

6. Í bréfi Tollkammers, dags. 4. maí 1777, var mælt svo fyrir, að veita mætti "nýbýlingi" nokkurn fjárstyrk til hýsingar og kaupa á bústofni.

7. Tilskipun um girðingar og þúfnasléttun ("þúfnatilskipunin"), dags. 13. maí 1776.

Í inngangi tilskipunarinnar segir, að könnun hafi leitt í ljós, að meðal þess, sem standi í vegi fyrir framförum í landinu, sé það, að túnin séu meira og minna kargapýfi og auk þess séu þau óvarin, þannig að hið mesta tjón verði af.

Því er mælt svo fyrir, að girða skuli (hlaða garða um) öll tún á landinu, þar sem eigi sé fullgirt. Nákvæmlega er kveðið á um það, hvernig gengið skuli frá görðunum. Þá er mælt fyrir um, hversu mikið hver bóndi skuli girða á ári á hverri jörð. Ef meira er girt en lagaskylda hljóðar um, eiga menn rétt á tilteknum peningaverðlaunum úr konungssjóði. Ekki tók þetta síðastgreinda í upphafi til annarra en þeirra, sem tilheyrðu "bændastandinu", og þeirra af "prestastandinu", sem höfðu þau "allrafátakustu prestaköll".

Einnig voru í tilskipuninni ákvæði um skyldu manna til að slétta tún, og er þar mjög nákvæmlega greint frá því, hvernig að verki skuli staðið. Er nánast um kennslurit í lagaformi að ræða eins og um garðahleðsluna. Ef meira var sléttað en ákveðið var í tilskipuninni, áttu menn rétt á peningaverðlaunum með sama hætti og var um garðahleðslu. Leiguliði átti rétt á sérstökum fjárhagshlunnindum, ef jarðabætur hans voru slíkar, að jarðar-dýrleiki óx við þær.

Hreppstjórar og sýslumenn áttu að fylgjast með því, að farið væri eftir fyrirmælum tilskipunarinnar og sjá um, að þeir, sem ekki gerðu skyldu sína yrðu sektaðir eða þá bætt úr á þeirra kostnað.

**8. Konungsráskurður um akuryrkjutilraunir, sauðfjárrækt og hrein-
dýrahald á Íslandi, dags. 10. febrúar 1777.**

Þar er lýst yfir, að konungur hafi fallið á aðgerðir Tollkammersins varðandi ofangreind mál. Fram er tekið, að kostnaður við útvegum, fóðrun og flutning 25 hreindýra til Íslands verði kostaður úr konungssjóði.

**9. Konungsráskurður um ýmislegt varðandi Íslandsverzlun og um verð-
lagsskrá, dags. 19. apríl 1779.**

Í verðlagsskránni er kveðið á um verð á kjöti og smjöri til útflutnings.

**10. Konungsráskurður um efnahagsmál Íslands (landbúnaðarmál), verð-
laun o.fl., dags. 8. apríl 1782.**

Fallið er á tillögur Stefáns Þórarinssonar páv. varalögmanns frá 1780 varðandi reglur um úthlutun verðlauna vegna framræslu mýra, að konungur legði til nokkrar járnskóflur handa hinum vöskustu jarðabótamönnum o.fl. Skóflurnar kæmu í stað plóga, sem áður hafði verið heitið að gefa.

11. Konungsráskurður um sama efni, dags. 19. maí 1783.

Þar kemur fram, að konungur hefur fallið á að gefa bændum í Múla-sýslu norskan plóg og þess getið, að 74 járnskóflur hafi verið sendar stiftamtmani til útbýtingar. Þá var og greint frá því, að ákveðið hefði verið að útvíkka reglurnar um verðlaun fyrir garðahleðslu og þúfnasléttun frá 1776, þannig að þær taki til allra presta svo og veraldlegra embættis-
manna.

**12. Erindisbréf Stefáns Þórarinssonar amtmanns norðan og austan,
dags. 19. júní 1782.**

Í 18. gr. þess er lagt fyrir amtmanninn að fylgjast með því, að framfylgt verði fyrirmælum um aðgerðir í landbúnaðarmálum: um garðahleðslu, túnasléttun, ræktun og notkun garðávaxta, mótækju o.s.frv.

Verður í næstu tveim köflum, III. og IV. kafla greint stuttlega frá þróun búnaðarféлага, en í V. kafla tekinn upp þráðurinn aftur og í honum og hinum næsta gerð grein fyrir því, hvernig núgildandi löggjöf tengist þeim sjónarmiðum, sem nú var lýst.

III. BÚNAÐARSAMTÖK ÁHUGAMANNA Á FYRRI TÍÐ.

Í I. kafla var stuttlega rakið, hver áhrif stefna fysiokrata hafði á þróun landbúnaðarmála. Um það leyti, sem sú stefna tók að breiðast út, höfðu verið stofnuð í nokkrum Evrópulöndum félagasamtök til að stuðla að framförum í landbúnaði. Félög áhugamanna voru stofnuð í að minnsta kosti fimm meðal helztu borga Evrópu á árunum 1746-1765. Þetta urðu fljótlega mjög öflug félög og að sjálfsögðu varð útbreiðsla á kenningum fysiokrata þeim mikill byr í segl. Félagar voru fyrst og fremst aðalsmenn og framá-
menn í borgarastétt, sem áhuga höfðu á landbúnaði. Eiginlegir bændur munu varla hafa komið þar við sögu, enda svo umkomulitlir á þeirri tíð, að þeir hafa tæpast verið taldið gjaldgengir í slíkum félagsskap.

Árið 1769 var stofnað í Danmörku konunglega landbúnaðarfélagið og varð fljótlega öflugt og áhrifamikið. Íslendingar nutu lengi mikillar og góðrar fyrirgreiðslu þess.

Af málefnum, sem það vann að í þágu Íslendinga, má fyrst nefna útgáfu ýmiss konar fræðslurita á íslensku, þar sem félagið átti frumkvæði, styrkti með fé eða kostaði algerlega. Það stuðlaði að því, að nokkur hópur Íslendinga fór til Norðurlanda að stunda búnaðarnám; það útvegaði fræ og trjáplöntur og styrkti margháttaðar ræktunartilraunir. Það studdi að sandgræðslu, átti frumkvæði að skipulegri skógrækt hér á landi auk margs annars.

Hið íslenska akuryrkjufélag, sem hér starfaði 1770-1777 er vafalaust sprottið af svipuðum rötum og danska félagið; frumkvæði að stofnun þess kom frá Danmörku. Þetta var félag áhugamanna af heldra taginu. Á vegum þess voru gerðar tilraunir með jarðyrkju, garðyrkju, kornrækt og skógrækt. Naut það styrks frá landbúnaðarfélaginu danska svo og frá stjórninni, enda hafa félagsgjöld hrokkið skammt. Svo fór, að félagið lognaðist út af um 1777. Var það þá í miklum skuldum, sem lentu víst að mestu leyti á einstökum félagsmönnum.

Suðuramtsins húss- og bústjórnarfélag var stofnað 1837. Hafði þá um skeið verið á því áhugi að stofna öflugt búnaðarfélag. Þetta félag tók aðeins til Suðurlands. Hér var um að ræða áhugamannafélag embættismanna og nokkurra framámanna í bændastétt. Skv. 1. gr. félagslaga var tilgangur þess "að efla velmegun bændastéttarinnar í Suðuramtinu." Að þessu skyldi unnið með ritgerðum, peningastyrk og verðlaunaveitingum. Til að standa undir framkvæmdum voru fyrst og fremst félagsgjöld; þá naut félagið styrks frá stjórninni og margháttaðrar aðstoðar landbúnaðarfélagsins danska. Þrátt fyrir þennan stuðning hafði það engan veginn þá möguleika til framkvæmda, sem menn óskuðu, en kom þó fjölmörgu til leiðar á starfstíma sínum, sem var fram að aldamótum.

Á fyrsta löggjafarþinginu (1875) var ákveðið að veita á fjárlögum 1876-1877 (fjárlög voru þá sett til tveggja ára, enda kom þá reglulegt Alþingi aðeins saman annað hvort ár) fé til eflingar búnaði, en ekki sérstaklega til búnaðarféлага, sem þá voru komin á fót nokkuð víða um land. Þau fóru aftur að fá beinar fjárveitingar á fjárlagaárinu 1888-1889. Með þessum fjárveitingum var að því stefnt að félögin gætu eignast jarðyrkjuverkfæri til sameiginlegra afnota félagsmanna; þá gengu fjárveitingar til að styrkja jarðabótaframkvæmdir einstaklinga og einnig til lánveitinga í þessu skyni. Fjárveitingar á fjárlögum til einstakra búnaðarféлага munu hafa haldizt til 1928 eða því sem næst.

IV. BÚNAÐARFÉLAG ÍSLANDS

Félagið var stofnað 1899 og var stofninn í því Búnaðarfélag Suðurlands, sem þá hét svo. Þá gengu í það hreppabúnaðarfélagin svo og einstaklingar.

Búnaðarþing tók þá til starfa og hefur samkvæmt lögum félagsins æðsta vald í málefnum þess.

Það var þá skipað tólf mönnum, 8 sem kosnir voru af amtsráðunum og 4 kosnum á aðalfundi félagsins.

Þegar amtsráðin voru lögð niður árið 1905, var ákveðið, að sýslunefndir innan hvers amtsráðssvæðis kysu fulltrúana, en brátt leið að því, að búnaðarsambönd komust á legg, og tóku þau þá að kjósa búnaðarþingsfulltrúa, en kosning fulltrúa á aðalfundi lagðist af.

Samkvæmt lögum B.Í. frá 1983 kjósa 15 búnaðarsambönd 25 fulltrúa, og fer fulltrúafjöldinn eftir fjölda kjósenda á hverju sambandsvæði.

Búnaðarþing kys stjórn félagsins.

Fyrstu áratuginu var tilgangur félagsins þrjúþingur:

1. að veita aðalforgöngu í starfandi félagsskap bænda til eflingar búskapnum.
2. að vera ráðgefandi tengiliður milli ríkisvaldsins og bænda.
3. að vinna að þessu með rannsóknnum, fjárstyrk og leiðbeinandi eftirliti.

Á þessum áratugum fóru áhrif félagsins vaxandi; það naut verulegra fjárveitinga úr ríkissjóði, og á það hlóðust slaukin verkefni.

Þótt völd þess og áhrif færu vaxandi verður það þó ekki stjórnarstofnun fyrr en með setningu jarðræktarlaganna árið 1923. Þar er svo mælt fyrir í 1. gr., að atvinnumálaráðuneytið, sem þá fór með landbúnaðarmál, hafi á hendi æðstu stjórn allra ræktunarmála, en í 2. gr. var hið raunverulega vald ráðuneytisins skert, hvað alla lagaframkvæmdina snerti. Þar segir svo í byrjun: "Búnaðarfélag Íslands hefur á hendi framkvæmd eða umsjón með framkvæmd þeirra ræktunarmála, sem lán eða styrkur er veittur til úr ríkissjóði eða öðrum sjóði eða stofnun, sem er eign ríkisins, nema lög mæli öðruvísi fyrir sérstaklega...."

Í 3. gr. er mælt svo fyrir, að atvinnumálaráðuneytið skuli jafnan leita álits Búnaðarfélags Íslands um ræktunarmálefni, áður en þau eru fullráðin og eigi megi veita lán eða styrk úr sjóðum þeim, sem í 2. gr.

getur, ef félagið leggur á móti því.

Í 4. gr. er nánar greint frá yfirumsjón félagsins með "viðhaldi þeirra ræktunarfyrirtækja, sem styrkur eða lán hefur verið veitt til af stofnunum þeim eða sjóðum, sem um ræðir í 2. gr.

Í 5. gr. segir, að störf þau, sem Búnaðarfélaginu eru ætluð í lögnum skuli framkvæmd af stjórn félagsins, framkvæmdastjóra eða ráðunautum, allt eftir því, sem lög félagsins eða reglur mæla fyrir.

Á svipaðan hátt er svo haldið áfram um vald- og verksvið félagsins.

En þessu valdi félagsins voru þó settar skorður í niðurlagi 2. gr. Þar segir nefnilega: "Meðan Búnaðarfélag Íslands fer með mál þau, sem því eru falin í lögum þessum, útnefnir atvinnumálaráðherra meirihluta í stjórn þess, eftir tillögum landbúnaðarnefnda Alþingis".

Sú skoðun er nú rótföst orðin við túlkun á því orðalagi, að stjórnarathöfn fari "eftir tillögum" einhvers aðila, að skylt sé að fylgja tillögnum. Lengi þótti allt eins mega túlka þetta á sama hátt og nú er túlkað orðalagið "að fengnum tillögum", þ.e. að stjórnvaldi sé aðeins skylt að leita tillagna, en alls ekki að fara eftir þeim. Klemenz Jónsson þáverandi ráðherra, einn reyndasti lögfræðingur landsins, lýsti því yfir við meðferð frumvarpsins á þingi, að engan veginn væri öruggt, hvernig líta bæri á. Er ekki annað að sjá en hann hafi talið sig sem ráðherra formlega óbundinn af tillögum nefndanna.

Á túlkun þessa ákvæðis reyndi hins vegar aldrei, svo að ég viti til. Meðan þetta fyrirkomulag hélzt, mun ráðherra jafnan hafa fylgt tillögum nefndanna um skipun í stjórn Búnaðarfélagsins.

Rétt þykir að greina lítillega frá þeim umræðum, sem urðu Alþingi um þetta ákvæði, nánar tiltekið, hvernig Búnaðarfélagið þróaðist á þann veg, sem orðinn, frá því að félagssamtök áhugamanna í það að verða nánast stjórnarskrifstofa eins og nú er orðið.

Vísir að þessari þróun var eitthvað tekinn að vaxa fyrir 1923, en með setningu jarðræktarlaganna það ár var stigið stórt skref í þá átt að gera félagið að stjórnarstofnun. En vegna lögboðinnar íhlutunar ríkisvaldsins um stjórn félagsins, var þetta formlega séð allt annars eðlis en núverandi skipun. Hún komst á 1935 eins og nú skal rakið.

Þegar frumvarið til jarðræktarlaga kom fyrir þing 1923, hafði verið ráðgert, að stjórn og framkvæmd jarðræktarlaganna yrði í höndum Búnaðarfélagsins. Klemenz Jónsson þáverandi atvinnumálaráðherra, sem fór með stjórn landbúnaðarmála, gat með engu móti fallið á þá skipan.

Í umræðum sagði hann meðal annars:

"Það, sem mér þótti einna athugaverðast við frumvarpið í heild sinni eins og það kom frá Búnaðarfélaginu, var hið mikla vald, sem frumvarpið veitti félaginu, án þess að það samband væri félagsins og (ríkis)stjórnarinnar, að hún hefði nægilegan íhlutunarrétt um þau ýmsu störf, sem félagið hefur með höndum, og þá heldur ekki það mikla fé, sem félaginu eftir frumvarpinu er ætlað að hafa undir höndum. Búnaðarfélagið hafði með þessu fengið svo mikil völd, að það hefði í þessum málum orðið nokkurs konar ríki í ríkinu.

Þetta hefur einnig háttvirt landbúnaðarnefnd fundið, og breytir hún frumvarpinu þannig, að atvinnumálaráðuneytið á að hafa nokkurs konar yfirstjórn Búnaðarfélagsins og hafa rétt til að skipa tvo menn (ef þrem) í stjórn þess.

Sjálfur hafði ég hugsað mér viðtækari breytingu á frumvarpinu og að Búnaðarfélagið kæmist í miklu nánara samband við Stjórnarráðið en hér er farið fram á."

Það kom fram í ræðu Þórarins bónda á Hjaltabakka, sem nú var sagt, að ráðherra hefði alls ekki verið ánægður með frumvarpið, vildi ganga lengra; gjarnan fé ákveðið, að tilhögun í jarðræktarmálum væri svipuð og til dæmis tilhögun, sem væri á vegamálum og vitamálum..

Magnús Jónsson prófessor vildi líka hafa málin í fastari skorðum. Hann sagði meðal annars: "Mér þótti betur eiga við, að í lögunum sjálfur væri tekið fram, hvernig stjórn Búnaðarfélagsins væri skipuð, meðan hún hefur það fjárforræði og vald, sem henni er ætlað í þessu frumvarpi."

Klemenz ráðherra taldi, að þrátt fyrir breytinguna á frumvarpinu í þá átt, að ríkisvaldið réði tveim stjórnarmönnum, væri allt of langt gengið með ákvæðum frumvarpsins: að fela stjórn Búnaðarfélagsins "afar mikið og nær ótakmarkað vald, bæði um framkvæmdir, ráð á fé og eftirlit framkvæmda." Hann taldi, að ef þetta fyrirkomulag kæmist á, ætti félagið að verða "undirskrifstofa í Stjórnarráðinu eða sérstök deild þar."

Nokkrum árum síðar voru lög Búnaðarfélagsins tekin til endurskoðunar. Þá kom fram töluvert mikil óánægja meðal fulltrúa á Búnaðarþingi með það, hvernig stjórn félagsins væri skipuð og var óskað breytinga. Var þetta rökstutt á þann hátt, "að Búnaðarfélag Íslands ætti að hafa framvegis á sér hið sjálfsagða einkenni alls félagsskapar, að það sé sjálfrátt um sína eigin stjórn."

Þetta kom fram í málflutningi Bjarna Ásgeirssonar, sem síðar varð formaður félagsins, en hann gerðist þegar 1930 mikill baráttumaður á þingi fyrir því, að fyrirkomulagi við skipun stjórnarinnar væri breytt. Bjarni sagði meðal annars, að starf Búnaðarfélagsins samkvæmt jarðræktarlögnum væri ekki annað en "það venjulega skrifstofustarf að úthluta fé eftir ákvæðum laganna."

Ekki verður séð, að þetta hafi þá verið mikið kappsmál eða flokksmál, t.d. taldi flokksbróðir Bjarna, Tryggvi Þórhallsson, þáverandi forsætis- og atvinnumálaráðherra, auk þess formaður B.Í., að hér væri um að ræða "heppilegt fyrirkomulag".

En nú gerðist málið pólitískt áróðursmál. Það er tekið upp þing eftir þing og þess krafizt, að íhlutun ríkisvaldsins um stjórn B.Í. yrði felld niður. Þarna var Bjarni fremstur í flokki, en þeir tóku einnig upp málið Pétur Magnússon síðar ráðherra og Jón Pálmason á Akri.

Magnús Jónsson prófessor sagði um þetta á þingi 1931: "Það hafa komið fram raddir um, að nauðsynlegt væri að breyta til í þessum efnum, bæði viðvíkjandi Búnaðarfélaginu og Fiskifélaginu. Menn hafa talið óeðlilegt að fá nokkurs konar einkafélögum í hendur það fé, sem Alþingi veitir til framdráttar tveim aðalatvinnuvegum landsmanna. Mönnum hefur virzt eðlilegt, að í Stjórnarráðinu væru trúnaðarmenn hvors atvinnuvegar, búnaðarmálastjóri og fiskveiðistjóri, sambærilegir við fræðslumálastjóra, biskup, landlækni, vegamálastjóra, landsímastjóra o.s.frv. Það er aðeins hinn sögulegi uppruni, sem gerir það að verkum, að þessu er nú öðruvísi fyrir komið, en það er næstum því óhugsandi annað en, að smám saman þokist frekar í þá átt, að ríkisvaldið taki þetta gersamlega í sínar hendur eins og aðrar stofnanir."

Rétt þykir að tilfæra hér skilgreiningu Tryggva Þórhallssonar ráðherra, sem var m.a. formaður félagsins um þessar mundir, á stöðu félagsins. Hann sagði: "Þó að Búnaðarfélag Íslands sé á pappírnum sjálfstætt félag, er jafnmikil ríkiseign sem þau gögn, sem eru hjá Hagstofu Íslands, vegamála- stjóra eða vitamálastjóra."

Það var á þingi 1935, sem áður nefnt ákvæði var fellt úr gildi. Jón Pálmason flutti frumvarpið. Hann lagði áherzlu á, að félagið ætti að vera sem frjálsastur og óháðastur stéttarfélagsskapur Íslenzkrar bændastéttar, hagsmunafélagsskapur hennar. Hann og fleiri bentu á, að það væri fullkomið vantraust á bændastéttinni að halda í þá íhlutun ríkisvaldsins um málefni félagsins sem í lögum væri. Tóku ýmsir undir þetta, en aðrir andæfðu, t.d. taldi Jón Baldvinsson óráðlegt í meira lagi að fela hinum og þessum stofnunum að útdeila því fé, sem ríkisstjórnin ætti að annast útdeilingu á.

Frumvarpið var síðan samþykkt sem lög, lög nr. 77/1935.

Í 1. gr. nógildandi jarðræktarlaga nr. 79/1972 segir á þessa leið: "Landbúnaðarráðuneytið (landbúnaðarráðherra) hefur á hendi æðstu stjórn ræktunarmála." Svo kemur 2. gr. og þar segir: "Búnaðarfélag Íslands, sem stjórnað er af 3 manna stjórn, sem kosin er af Búnaðarþingi, hefur á hendi umsjón með framkvæmd þeirra ræktunarmála, sem ríkisframlag er veitt til samkvæmt lögum þessum, enda sé skipulag þess og starfsreglur í samræmi við ákvæði laganna. Um kosningarrétt og kjörgengi til Búnaðarþings, tölu fulltrúa, kjördæmaskipun þess og kosningafyrirkomulag innan hvers kjördæmis, fer eins og fyrir er mælt í lögum Búnaðarfélags Íslands."

Rétt er að benda sérstaklega á, að fremur má segja, að lögin séu sniðin eftir skipulagi og starfsreglum B.Í., en þau ákvæði eftir jarðræktarlögum. Ríkisvaldið hefur samkvæmt þessum lögum engan íhlutunarrétt um það, hvernig búnaðarþing er skipað. Það er algerlega á valdi búnaðarþingsins sjálfs. Lög B.Í. lúta algerlega vilja Búnaðarþings.

Hvorki af þessum lögum né reglugerð um jarðrækt nr. 359/1979 verður séð að landbúnaðarráðherra eða ráðuneyti hans hafi neinn íhlutunarrétt um starfsemi félagsins hvað snertir framkvæmdina í einstökum atriðum. Hann skipar annan af tveim endurskoðendum, en Búnaðarþing úrskurðar veitingarnar endanlega. Helzta hlutverk ráðherra er það, sem segir í 5. gr. 1. mgr.: "Kostnaður við framkvæmd laga þessara greiðist úr ríkissjóði eftir reikningi, er landbúnaðarráðherra samþykkir." Eftir orðanna hljóðan virðist svo sem ráðherra hafi samkvæmt þessu neitunarvald; hann geti með öðrum orðum neitað að samþykkja orðinn hlut.

Í búfjárræktarlögum nr. 31/1973 er svipaður háttur á. Í 1. gr. segir: "Landbúnaðarráðuneytið (landbúnaðarráðherra) hefur á hendi æðstu stjórn búfjárræktarmála. - Búnaðarfélag Íslands hefur umsjón með búfjárrækt í landinu og fer með framkvæmd laga þessara fyrir hönd landbúnaðarráðuneytisins. - Búnaðarfélag Íslands annast ráðunautaþjónustu í búfjárrækt og mótar heildarstefnu í ræktun hveggjar búfjárræktar. Það hefur umsjón með annarri leiðbeiningarþjónustu í búfjárrækt. Það skal taka við og vinna úr skýrslum búfjárræktarféлага; skipuleggja afkvæmarannsóknir á búfé; reka kynbótastöðvar, sem nái til alls landsins og byggja á notkun djúpfyrsts sædis; hafa yfirumsjón með forðagæzlu og sjá um greiðslur á öllum framlögum úr ríkissjóði skv. lögum þessum og hafa eftirlit með notkun fjármunanna."

Það vekur nokkra undrun, að þetta ákvæði skyldi ekki tekið fyrir í lög en raun ber vitni, en ætla má að þetta fyrirkomulag hafi verið komið á í raun að meira eða minna leyti. Það þótti a.m.k. engum tíðindum sæta, þegar verið var að ræða frumvarpið, og rann hljóðalaust gegnum þingi.

Í b-lið í 1. lið 4. gr. búfjárræktarlaganna segir, að meðal verkefna búfjárræktarráðunauta félagsins sé "að móta ræktunarstefnu, hver í sinni grein, í samráði við stjórn Búnaðarfélags Íslands, og semja þær reglur, sem að því lúta".

Hér er um ærið viðtækt stjórnsýsluverkefni að ræða samkvæmt orðanna hljóðan, en um framkvæmd segir nánar í reglugerð nr. 139/1967.

Í sambandi við innflutning búfjár kemur fram í lögum nr. 74/1962, 2. gr., að þótt landbúnaðarráðherra vilji skv. meðmælum yfirdýralæknis leyfa innflutning búfjár eða búfjársæðis, er slíkt óheimilt nema samþykki stjórnar Búnaðarfélags Íslands komi til. Munu varla mörg dæmi um slíkt neitunarvald í lögum.

Samkvæmt 2. gr. laga nr. 20/1967 greiðir ríkissjóður kostnað við Búreikningastofu landbúnaðarins, sem er algerlega undir stjórn Búnaðarfélags Íslands.

Ekki munu nein lög gilda um Ráðningarskrifstofu landbúnaðarins, en ríkissjóður greiðir kostnaðinn.

Og þannig er þetta á mörgum sviðum. Þótt víða sé þannig tekið til orða, að svo lítur út sem um ráðgjöf sé að ræða, þá er hæpið að telja, að svo sé. Þótt sagt sé að leita skuli umsagnar félagsins um ýmis mál, verður að telja harla líklegt, að umsögnin jafngildi í raun lokaákvörðun. Með því að framselja til félagsins vald yfir viðamiklum málaflokkum og taka að sér allan kostnað við framkvæmd þeirra og þar með rekstur félagsins, hefur ríkisvaldið byggt upp valdakerfi, sem það ræður í raun alls ekki við.

Nú er svo komið, að félagið ræður raunverulega yfir nær allri sérfræðipekkingu í landbúnaði.

Og fleiri feta í sömu spor. Framleiðsluráð landbúnaðarins hefur viðtæk verkefni, skv. lögum nr. 95/1983. Gert er ráð fyrir, að landbúnaðarráðherra setji reglugerð um nánari framkvæmd laganna. Það skal hann gera "eftir tillögu Framleiðsluráðs". Þar er auðséð, hver á að ráða þar.

Samkvæmt 5. gr. laga Búnaðarfélags Íslands frá 1983 er tilgangur og starfssvið félagsins, sem hér segir:

1. að hafa forgöngu í starfandi félagsskap bænda til eflingar landbúnaðinum.
2. að vera málsvari bændastéttarinnar og beita sér fyrir nýmælum í löggjöf og breytingu á eldri lögum, er til framfara horfa og snerta bændastéttina eða landbúnaðinn.

3. að vinna að framförum í landbúnaði með því að hafa á hendi leiðbeiningarstarfsemi í öllum greinum hans og hlutast til um, að gerðar séu hagnýtar rannsóknir og tilraunir á öllum sviðum landbúnaðarins.
4. að vera ráðunautur ríkisstjórnarinnar í landbúnaðarmálum.
5. að hafa á hendi framkvæmd mála, sem Alþingi eða ríkisstjórn felur því.
6. að hafa yfirstjórn Búreikningaskrifstofu landbúnaðarins og embættis veiðistjóra og umsjón með Landgræðslu Íslands s.s. tilskilið er í lögum svo og annarra stofnana eftir því sem ákveðið er hverju sinni.
7. að eiga og reka djúpfrystingarstöð fyrir búfjársæði og annast og hafa umsjón með afkvæmaprófunum kynbótagripa.

Um 1. Þetta er hið gamla ákvæði, sem áður er nefnt, en hefur augljóslega misst töluvert af gildi sínu með stofnun Stéttarsambands bænda.

Um 2. Virðist efnislega séð nokkurn veginn endurtekning á því, sem segir í 1. gr., en báðar eru nokkuð óljósar.

Um 3. Er nokkurn veginn sama efnis og 3. liður í eldri ákvæðum, og er hér að mestu leyti um að ræða verkefni, sem nú eru ákveðin í lögum og kostuð af ríkissjóði að langmestu eða öllu leyti.

Um 4. Hér er um sama hlutverk að ræða og á fyrri tíð, sbr. 2. lið hér að framan.

Um 5. Á þessu virðist öll starfsemi félagsins byggjast sem sagt að taka að sér mikla málaflokka, sem ríkisvaldið hefur með höndum að nafninu til og greiddir eru að öllu leyti úr ríkissjóði.

Um 6. og 7. Hér er einungis verið að vísa í lagaákvæði, þar sem hið sama á við og segir um 5. lið.

Í lögum Búnaðarfélagsins frá 1983 kemur ekki fram, að félagið hafi neina tekjustofna. Þó er sagt, að gjaldkeri innheimti tekjur og tiltekinn kostnaður sé greiddur "úr sjóði félagsins".

Reikningar félagsins ganga ekki til ríkisendurskoðunar.

Um kosningar til Búnaðarpings eru rækilegar reglur, og ákveður Búnaðarþingið þær sjálfst án þess, að ríkisvaldið hafi nokkurn afskiptarétt.

Stjórn félagsins ræður alla starfsmenn félagsins, sem njóta allra réttinda ríkisstarfsmanna, án þess að ríkið hafi nokkuð um það að segja.

Í landbúnaðarlöggjöfinni virðist komið á sjálfvirkt stjórnkerfi, sem kostað er af ríkissjóði.

V. TENGSL NÚGILDANDI LÖGGJAFAR UM LANDBÚNAÐARMÁL VIÐ LÖGGJÖFINA 1772-1783

Það verður varla annað sagt eins og áður er fram komið en mjög mörg sjónarmið, sem enn í dag móta landbúnaðarlöggjöfina, séu í raun arfur frá 18. öld og hafi haldizt að miklu leyti óslitið síðan, að nokkru leyti í lögum landsins en að öðru leyti verið rauði þráðurinn í starfsemi búnaðarsamtaka áhugamanna.

Að vísu varð harla lítið úr þeim góða ásetningi, sem fram kemur í löggjöfini frá 1772-1783, eins og getið er í I. kafla. Þá er því slegið föstu, að það sé hlutverk ríkisvaldsins að segja fyrir um það í einstökum atriðum, hvernig landbúnaði skuli hagað og greiða síðan veruleg framlög honum til eflingar, bændum og búaliði til styrktar og uppörvunar. Á 19. öldinni dregur töluvert úr beinni ríkisforsjá. Frumkvæði og framtak verður meira í höndum samtaka áhugamanna, sem hins vegar njóta verulegra og vaxandi styrkja af opinberu fé. En þegar kemur fram á þessa öld er þráðurinn frá 18. öld tekinn upp. Farið er að setja í lög mjög sundurliðuð og flókin ákvæði um styrkveitingar og ríkisframlög til greiðslu á öllum mögulegum kostnaði vegna landbúnaðar. Jafnframt er tekið að lögbjóða mjög flóknar reglur um alla framkvæmd og hún sett undir lögboðna stjórn og eftirlit.

Hér gerist það brátt, sem virðist nú orðið dálítið kyndugt. Eftir því sem styrkirnir aukast og ríkisforsjáin vex, tekur ríkisvaldið upp á því að þjónnýta búnaðarsamtökin eða það mætti kannski orða það á hinn veginn: þau leggja undir sig veigamikinn þátt af stjórnslu ríkisins og þar með ríkisfé til að kosta stjórnarframkvæmdina, ásamt ýmsu öðru, sem ætti ef til vill að flokkast frekar undir frjálsa félagsstarfsemi.

Nú er svo komið, að Búnaðarfélag Íslands, sem áður var félag áhugamanna um landbúnað með ríkisstyrk á fjárlögum, er orðið ríkisstofnun, en þó þannig að það lýtur algerlega sjálfvirku stjórnkerfi, er að öllu leyti kostað af ríkisfé, bæði hvað eiginlega ríkisstjórnslu snertir en einnig raunverulega félagsstarfsemi.

Ýmis önnur samtök og stofnanir starfa á vegum landbúnaðarins. Ýmist er starfsemi þeirra ákveðin í lögum, t.d. Framleiðsluráð landbúnaðarins, Stofnlánadeild landbúnaðarins og Rannsóknarstofnun landbúnaðarins, svo að dæmi séu nefnd eða sjálfstæð eins og Stéttarsamband bænda. En öllum er það sameiginlegt, að þau byggja afkomu sína á lögboðnum og meira og minna sjálfvirkum tekjustofnum sem greiðast af almannafé í einu eða öðru formi.

VI. PRÁÐURINN FRÁ 18. ÖLD

Nú verður tekinn upp práðurinn, þar sem frá var horfið í III. kafla.

Þess skal getið til skýringar, að tölusetning liða hér á eftir samsvarar tölusetningu einstakra liða í þeim kafla.

1. Búfjársjúkdómar.

Víðtækustu lög in á því sviði eru nú lög nr. 23/1956 um útbreiðslu næmra sauðfjársjúkdóma og útrýmingu þeirra, með síðari breytingum.

Svo að segja allur kostnaður við framkvæmd þeirra hvílir á ríkissjóði eins og fram kemur í heildaryfirlitinu.

Ákvæði laganna eru ekki einskorðuð við sauðfjársjúkdóma, sbr. 4. og 5. mgr. 13. gr., svo og reglugerð nr. 135/1952.

Í lögum nr. 22/1977 um sauðfjárbaðanir, sem fara fram til að halda fjárkláða í skefjum eða útrýma, eru ákvæði um greiðsluskyldu ríkissjóðs, sbr. 2. mgr. 5. gr. og 2. mgr. 8. gr. Annars hvílir framkvæmd laganna að mestu leyti á sveitarfélögum. Hefur þarna orðið breyting frá því, sem var í tilskipun frá 1866 og lögum frá 1901, en samkvæmt þeim virðist hlutdeild fjáreigenda hafa verið meiri.

Í lögum nr. 16/1952 um breytingu á lögum nr. 11/1928 um varnir gegn gin- og klaufaveiki, er í 2. gr. gert ráð fyrir því, að ýmislegur kostnaður við framkvæmd laganna getið fallið á ríkissjóð.

Í lögum nr. 25/1923 um berklaveiki í nautpeningi er í 1. og 2. mgr. 4. gr. lagður kostnaður við lagaframkvæmd á ríkissjóð.

Þá má geta þess til viðbótar, að úr því að lög um dýralækna nr. 77/1982 eru flokkuð undir landbúnaðarmál, sem er sjálfsagt umdeilanlegt, að ríkissjóður stendur að mjög verulegu leyti undir kostnaði við framkvæmd laganna.

2. Fræðslustarfsemi.

Um þessa útgáfu eru ákvæði í 61. gr. búfjárræktarlaga. Ekki virðist við lauslega könnun, að nein almenn lagaákvæði gildi um fræðslustarfsemi, t.d. útgáfustarfsemi. Það má þó nefna þá útgáfu, sem á að skipa stefnu þess í búfjárræktarmálum, búfjársýkingu og búfjársjúkdóma. Búnaðarfélagið stendur að útgáfu tveggja tímarita og ýmiss konar fræðslurita. Ekki er kunnugt um það, hvort útgáfa þessi stendur undir sér eða ekki, og má þá ætla, að hún sé að einhverju leyti greidd af rekstrarfé Búnaðarfélagsins, sbr. 7. gr. laga þess frá 1983.

Það mætti þó til gamans benda á eitt lagaákvæði, sem má víst flokka hér með, en það er í e-lið 2. tl. 4. gr. búfjárræktarlaganna nr. 31/1973 um skyldu héraðsráðuneyta til "viðræðna við bændur."

3. Akuryrkjutilraunir.

Ýmiss konar tilraunastarfsemi á þessu sviði hafði farið fram á vegum Búnaðarfélags Íslands, áður en sett voru lög nr. 64/1940, um rannsóknir og tilraunir í þágu landbúnaðar. Í 26. gr. þeirra laga var ákveðið, að ríkissjóður skyldi kosta framkvæmd laganna.

Nú gilda um þetta efni lög nr. 65/1965 um rannsóknir í þágu atvinnuveganna, með breytingu skv. lögum nr. 107/1974. Ekki verður annað séð, en kostnaður samkvæmt þeim kafla greiðist úr ríkissjóði, sbr. 1. tl. 1. mgr. og 2. mgr. 56. gr., að því leyti, sem ekki koma til ákveðnar sértekjur.

4. Búfjárrækt.

Núgildandi lög um það efni eru nr. 31/1973. Þau virðast minna einna mest núgildandi laga um landbúnað á 18. aldar lögin, ekki sízt á andann í bréfinu frá 1776. Verður sérstaklega minnt á þessi lög í VIII. kafla hér á eftir. Ekki er unnt að sjá annað en framkvæmd laganna hvíli svo til algerlega á ríkissjóði, því að þeir aðilar, sem helzt eru nefndir fyrir utan Búnaðarfélagið, virðast tilheyra hinu sjálfvirka kerfi, sem vikið er að í VI. kafla.

5. - 6. Nýbýli.

Tilskipunin um nýbýli frá 1776 var afnumin með lögum nr. 15/1897. Með þeim lögum var stefnt í gagnstæða átt við það, sem ákveðið hafði verið í tilskipuninni; þá var reynt að sporna við því, að nýbýli yrðu reist á eyðijörðum.

Með lögum nr. 35/1928 var aftur snúið við blaðinu. Markmiðið með setningu þeirra var að stuðla með verulegum fjárframlögum að því, að býlum í landinu yrði viðhaldið og þeim fjölgað, sbr. upphaf 2. gr. Skyldi það bæði gert með uppbyggingu eyðijarða og með skiptingu jarða í ábúð.

Þessari stefnu er síðan fylgt í lögum nr. 25/1936, lögum nr. 76/1938, lögum nr. 108/1941 og enn er haldið áfram í lögum um landnám, nýbyggðir og endurbyggingar í sveitum nr. 35/1946. Þá koma lög nr. 48/1957, um landnám, ræktun og byggingar í sveitum, og lög nr. 75/1962, um stofnlána-deild landbúnaðarins, landnám, ræktun og byggingar í sveitum. Með lögum nr. 45/1971 virðist verða nokkur stefnubreyting og í jarðalögum nr. 65/1976 er snúið af fyrri braut og tekin upp meiri varúð við stofnun nýrra býla, sbr. og lög nr. 90/1984, sem um ræðir í heildaryfirliti. Hugtakið nýbýli er nú úr þessum lögum, en er enn að finna í eldri lögum, t.d í 2. mgr. 21. gr. jarðræktarlaga.

Lán og styrkir til nýbýla (nú "nýrra býla") hafa numið allt að 70% af stofnkostnaði; styrkir eru veittir samkvæmt II. kafla jarðræktarlaga, en lán skv. lögum nr. 45/1971 með breytingum í lögum nr. 60/1978.

7. Jarðyrkja.

"Þúfnatilskipunin" svonefnda var afnumin 1836. Hún hafði þrátt fyrir góðan ásetning velviljaðra landsfeðra borið harla lítinn árangur, og hefur þess verið áður getið. Af afnámi hennar leiddi hins vegar beinlínis, að því er fróðir menn segja, að í verk komst 1837 að stofna nokkuð öflugt búnaðarfélag á íslenskan mælikvarða svo sem hugmyndir höfðu verið uppi um. Hér er átt við Búnaðarfélag Suðuramtsins, sem löngum var nefnt svo, sbr. III. kafla. Það tók að sinna að vissu marki málefnum, sem tilskipunin fjallaði um.

Árið 1903 voru sett sérstök lög um túngirðingar. Var þar kveðið á um, að varið skyldi töluvert miklu fé úr landssjóði til að kaupa gaddavír og annað girðingarefni úr galvaniseruðu járn. Skyldi girðingarefni þessu varið til túngirðingar og landeigandi eiga þess kost að fá andvirði efnis lánað til 41 árs.

Framkvæmd laganna mun hafa reynzt mjög erfið á allan máta og varð miklu minna úr en að var stefnt. Í framhaldi af því voru sett lög nr. 22/1905, um gaddavírsgirðingar. Enn eru sett girðingalög 1907, lög nr. 62/1907; ekki er öllu þar með lokið, því að nú koma girðingalög nr. 52/1909, sem eru afnumin með girðingalögum nr. 66/1913, sem giltu til 1952. Í þessum lögum voru m.a. mjög nákvæmar reglur um girðingar, sem njóta skyldu styrks úr landssjóði eða Ræktunarsjóði. Síðustu áratugi hafa ákvæðin um opinbera styrki verið í jarðræktarlögum. Nú er þau að finna í 10. gr. þeirra.

Þar er og að finna ýmisleg ákvæði um efni, sem mjög svara til "Þúfnatilskipunarinnar" - ákvæði um ríkisstyrk við túnrækt, hagarækt, grjóthreinsun að ógleymdum girðingunum, sem áður er getið, en þær svara auðvitað til ákvæðanna um garðahleðslu. Þá er þar að finna mjög sundurliðuð ákvæði um gerð skurða og ræsa og styrki út á slíkt.

Í þessu sambandi má og nefna lagaákvæði um Flóaáveitu og Skeiða-áveitu, sem getið er í heildaryfirliti.

8. Innflutningur búfjár.

Sú tilraun, sem gerð hafði verið með innflutningi kynbótahrúta til landsins árið 1761 hafði eins og áður er nefnt, endað með slíkum ósköpum, að þess var varla að vænta, að á tímabilinu 1772-1783 væri stuðlað að því, að slíkt endurtæki sig.

En þá var aftur ákveðin tilraun með innflutning hreindýra. Varla verður talið, að mikil búdrýgindi hafi orðið af því. Á öldinni, sem leið, var því til dæmis haldið fram af sumum, að telja bæri hreindýrin til "óarga dýra" og handtéra þau skv. því.

Varðveizla hreindýrastofnsins er nú nánast náttúruverndarmál. Eftirlit með því, að lögunum um friðun hans sé fylgt er kostað af ríkissjóði, skv. 2. gr. laga nr. 28/1940.

Innflutningur búfjár til kynbóta og til eflingar búgreinum á sviði landbúnaðar hefur tekizt misjafnlega á síðustu áratugum, sbr. 1. lið hér að framan, og hefur ríkissjóður haft af geysimikinn kostnað, sem stafað hafa af sóttum, sem af því hefur leitt o.fl.

Í lögum nr. 62/1962 er kveðið á um það, hvernig innflutningi búfjár megi haga. Kostnaður við kaup búfjár, sem lögin taka til, skal greiddur úr ríkissjóði, sbr. 3. gr., svo og kostnaður við byggingu sóttvarnastöðvar, skv. 4. gr., sbr. heildaryfirlit.

Í gildi eru enn lög nr. 50/1929 um innflutning sauðnauta. Ekki munu menn með öllu afhuga því, að ný tilraun verði gerð með slíkt, þótt fyrri tilraun heppnaðist ekki. Kostnaður skal greiddur úr ríkissjóði.

Árið 1933 voru sett lög, sem taka til loðdýraræktar, en 1937 kom til ýtarleg löggjöf um slíkt. Í þeim var ákveðin stofnun embættis loðdýraræktarráðunauts, sem starfaði hjá Búnaðarfélagi Íslands, en skyldi launaður úr ríkissjóði. Þá skyldi stofnuð sérstök lánadeild við Búnaðarbankann, er veitti hagstæð lán til að stofna loðdýrabú. Var í lögunum mælt fyrir um álitleg ríkisframlög til deildarinnar. Í gildandi lögum um loðdýrarækt frá 1981 hefur Búnaðarfélagið eftirlit með framkvæmd þeirra og greiðist kostnaður úr ríkissjóði.

Skv. lögum nr. 52/1957 um eyðingu refa og minka greiðir ríkissjóður Búnaðarfélagi Íslands laun veiðistjóra og kostnað vegna starfa hans. Þá greiðir ríkissjóður 2/3 kostnaðar við eyðingu refa og minka.

9. Verðlagsmál.

Á fyrri tíð var lengi ákveðið af opinberri hálfu verð á þeim landbúnaðarvörum, sem fluttar voru úr landi. Þetta fyrirkomulag var í góðu gildi á 18. öldinni, sbr. úrskurðinn frá 19. apríl 1779.

Í lögum um meðferð og sölu á mjólk og rjóma nr. 1/1935 var ákveðin tiltekin íhlutun ríkisvaldsins varðandi sölu mjólkur og mjólkurafurða. Kostnaður við störf svonefndrar mjólkursölunefndar skyldi, skv. 8. gr. laganna greiðast að 4/7 úr ríkissjóði, en með lögum nr. 79/1935 var þetta ákvæði fellt úr gildi, og önnur greiðslutilhögun ákveðin.

Í lögum nr. 2/1935 var aftur ákveðið, að kostnaður við störf kjötverðlagsnefndar skyldi greiddur að fullu úr ríkissjóði, en þetta var fellt úr gildi samtímis ákvæðunum um mjólkursölunefnd.

Í lögum nr. 11/1946 um verðlagningu landbúnaðarafurða o.fl. er verðlagningin fengin í hendur svonefndu búnaðarráði. Í lögnum var mælt svo fyrir, að tiltekin nefnd, sem ráðið kaus annaðist verðlagningu afurðanna svo sem nánar er lýst í lögnum. Allur kostnaður við framkvæmd laganna skyldi greiddur úr ríkissjóði. Þessi skipun varð ekki langlíf.

Með lögum nr. 94/1947 um framleiðsluráð landbúnaðarins o.fl. var í stórum dráttum tekin upp sú skipun á verðlagsmálum landbúnaðarins, sem enn gildir. Skv. II. kafla laganna (nú l. nr. 95/1981) er allur kostnaður við verðskráningu eins og það er kallað í lögnum greiddur úr ríkissjóði.

Rétt er að geta þess, að bæði búnaðarráð og framleiðsluráð eru stofnuð með bráðabirgðalögum, þannig að saga þeirra hefst nokkru fyrr en dagsetning nefndra laga gefur til kynna. Í núgildandi lögum er fjallað um verðlagningu útfluttra landbúnaðarafurða (12. og 13. gr.); að því leyti er tekinn upp þráðurinn frá 1779.

10. - 11. Útvegum verkfæra.

Danska landbúnaðarfélagið sendi þegar 1773 og 1777 plóga til jarðyrkjustarfa á Íslandi, og var þeim útbýtt ókeypis. Á 19. öldinni hélt félagið áfram stuðningi sínum við landbúnað á Íslandi með því að senda öðru hverju landbúnaðarverkfæri hingað. Var sumum þeirra útbýtt sem verðlaunum. Búnaðarfélag Suðuramtsins hafði oft sama hátt á. Konungsstyrkur fékkst stundum, t.d. til þess að auðvelda kaup á kerru til móflutninga í Reykjavík. Búnaðarfélagið hóf þegar við stofnun að hafa milligöngu um útvegum hentugra verkfæra handa bændum. Upp úr 1920 var tekið að nota stórvirkari tæki en áður þekktust. Með jarðræktarlögnum 1923 er mælt fyrir um fjárveitingar til kaupa á jarðræktarvélum og milligöngu svo og fyrirgreiðslu Búnaðarfélagsins í sambandi við vélavinnu

fyrir bændur og lánveitingar í því sambandi. Þetta hélt áfram að þróast. Samkvæmt lögum nr. 40/1928 er stofnaður Verkfærasjóður með allríflegu ríkisframlagi. Veitti hann bændum fjárhagsaðstoð til að eignast hestaverkfæri. Síðar kemur til Vélsjóður með ríkisframlögum.

Í lögum nr. 59/1930 um skurðgröfur ríkisins er gert ráð fyrir að ríkissjóður kaupi skurðgröfur, en Búnaðarfélagið sjái um rekstur á þeim. Ríkissjóður skyldi lána skurðgröfurnar ókeypis til áveitu- og landþurrkunarfélaga, greiða allan kostnað af flutningi þeirra milli vinnustaða, sjá um viðhald þeirra og kostnað vegna verkstjóra að því er bezt verður séð. Kostnaður af starfrækslu skyldi að auki greiðast úr ríkissjóði að 1/3.

Í jarðræktarlögum, er síðar voru sett er nánar kveðið á um margháttaðan stuðning ríkissjóðs við öflun og rekstur véla og tækja í þágu landbúnaðar, sem hér yrði of langt upp að telja.

Í núgildandi jarðræktarlögum nr. 79/1972 eru í b-lið 10. gr. mjög rækileg ákvæði um ríkisframlög vegna skurðgraftar. Í 16. gr. segir frá skyldum verkfæraráðunauts Búnaðarfélagsins til að aðstoða við val og kaup á skurðgröfum og öðrum ræktunarvélum. Í 24. gr. er tekið fram, að Búnaðarfélag Íslands skuli taka við helmingi af andvirði eigna Vélasjóðs, sem lagður er niður. Andvirðið ber að leggja í sjóð, er félagið varðveitir og skal hann styrkja "tilraunir með álitlegar tækninýjungar í landbúnaði eftir tillögum Búnaðarþings." Þá má nefna, að í lögum um rannsóknir í þágu atvinnuveganna er í núverandi 36. gr. mælt svo fyrir í 6. t.l., að Rannsóknarstofnun landbúnaðarins hafi með höndum "vinnu- og verktæknirannsóknir og tilraunir með búvélar". Þá má og benda á 37. gr. um tilraunastarfsemi á vegum landbúnaðarins og umráð stofnunarinnar yfir þeim tilraunastofnunum á sviði landbúnaðar, sem í ríkiseign eru.

12. Mótak.

Ekki verður séð, að ríkissjóður eigi að bera kostnað af framkvæmd laga nr. 16/1940 um mótak.

VII. HUGLEIÐINGAR UM BÚFJÁRRÆKTARLÖGIN

Til þess að skýra í einstökum atriðum ýmislegt, sem minnzt hefur verið á í þessari greinargerð, virðist mér það verða til skilningsauka að rekja í einstökum atriðum efni eins lagabálks um landbúnaðarmál.

Ég hef valið búfjárræktarlögin nr. 31/1973 í þessu sambandi. Mér virðast þau nokkuð gott dæmi um það, hvernig hin landsföðurlega forsjá frá dögum Kristjáns 7. lifir enn góðu lífi og svo einnig dæmi um það, hversu B.Í. hefur í raun yfirtekið álitlegan hlut ríkisvaldsins eða öllu heldur verið afhentur hann af Alþingi.

Ekki er mér ljóst, hvernig á því stendur, að það er ekki fyrr en 1973, að B.Í. er með lögum falið formlega að "fara með framkvæmd" búfjárræktarlaganna fyrir hönd landbúnaðarráðuneytisins. Þá er haft í huga að samsvarandi framkvæmd jarðræktarlaga hafði þá verið um áratugi í höndum B.Í. Þetta skiptir þó efnislega séð ekki máli.

Frumvarpið, sem varð að lögum 1973 var samið á vegum Búnaðarþings. Það var samþykkt mjög lítið breytt. Lögin hljóta því að túlka viðhorf þess stjórnkerfis, sem fer með raunverulega stjórn landbúnaðarmála.

Verður nú vikið að einstökum greinum laganna. Þótt 1. gr. hafi verið tilfærð orðrätt hér að framan, þykir þó rétt samhengis vegna að taka lagatextann upp orðrätt í þessu samhengi. Þess skal getið, að undirstrikanir, sem kunna að koma fyrir hér á eftir, eru frá mér komnar.

Um I. kafla.

1. gr. laganna hljóðar á þessa leið:

"Landbúnaðarráðuneytið (landbúnaðarráðherra) hefur á hendi æðstu stjórn búfjárræktarmála.

Búnaðarfélag Íslands hefur umsjón með búfjárrækt í landinu og fer með hönd laga þessara fyrir hönd landbúnaðarráðuneytisins.

Búnaðarfélag Íslands annast ráðunautapjónustu í búfjárrækt og mótar heildarstefnu í ræktun hverrar búfjártegundar. Það hefur umsjón með annarri leiðbeiningarpjónustu í búfjárrækt. Það skal taka við og vinna úr skýrslum búfjárræktarféлага; skipuleggja afkvæmarannsóknir á búfé; reka kynbótastöðvar, sem ná til alls landsins og byggja notkun djúpfrysts sæðis; hafa yfirumsjón með forðagæzlu og sjá um greiðslur og öllum framlögum úr ríkissjóði skv. lögum þessum og hafa eftirlit með notkun fjármunanna.

Þessi texti ber með sér, að félagið hefur á þessu sviði áþekka stöðu sem ráðuneyti. Hvað snertir framkvæmd forðagæzlu, skv. X. kafla laganna, er það sett yfir sveitarstjórnir í landinu. Ekki nóg með það; undir stofnanir félagsins, búnaðarsamböndin, hafa yfir sveitarstjórnnum að segja, sbr. 54. gr. Annars leiðir þetta fyrirkomulag beinlínis af framangreindu ákvæði 1. gr. Í sambandi við ráðstöfun fjár, bæði skv. bókstaf laganna og hvað snertir rekstur félagsins er það að segja, að **ríkisendurskoðun hefur engin afskipti af þeim málum** eins og áður er fram komið.

Stjórnkerfi það, sem lögin gera ráð fyrir er flókið í meira lagi, sbr. félagslög frá 1983.

Búnaðarþing er formlega efst í valdastiganum. Það kys stjórn félagsins, sem ræður starfsmenn. Þeir njóta lífeyrisréttinda sem ríkisstarfsmenn, en ekki verður séð, að um þá gildi ákvæði laga nr. 38/1954 um réttindi og skyldur starfsmanna ríkisins.. Búnaðarþing setur félaginu lög, þar sem kveðið er á um starfsemi þess svo og reglur um kosningu til Búnaðarþings. Ríkisvaldið hefur engan íhlutunarrétt um þessi mál.

Búnaðarþing kys þriggja manna stjórn félagsins, sem aftur ræður búnaðarmálastjóra og alla fasta starfsmenn eins og áður segir.

Samkv. 2. gr. félagslaga er B.Í. byggt upp af búnaðarfélögum hreppanna og búnaðarsamböndum, sem eru 15.

Aðalreglan, skv. 3. gr. er sú, að starfssvæði hvers búnaðarfélags skuli vera sveitarfélag, en heimilt er að starfssvæði sé látið ná yfir tvö sveitarfélög eða fleiri.

Samkvæmt 4. gr. skulu bændur allir á hlutaðeigandi starfssvæði vera félagar í hlutaðeigandi búnaðarfélagi. Í 6. gr. jarðræktarlaganna er mælt svo fyrir, að hver sá, er njóta vill styrks skv. þeim lögum, skuli vera "félagismaður í búnaðarfélagi byggðarinnar."

Í 3. gr. segir frá búnaðarsamböndum, sem munu nú vera 15 að tölu. Samþykktir þeirra skulu gerðar eftir fyrirmynd frá Búnaðarfélagi Íslands og staðfestar af stjórn þess. Þar má ákveða, að búfjárrækt á sambands-svæðinu heyri beint undir stjórn búnaðarsambandsins. Sá möguleiki er líka til, að með málefni einstakra búfjárræktargreina, einnar eða fleiri, fari sérstök nefnd á vegum búnaðarsambands eða þá þriðji möguleikinn, að verk-efni búnaðarsambands á sviði einstakra búfjárgreina séu falin sérstökum búnaðarsamböndum.

Í 4. gr. kemur að hreppabúnaðarfélögum. Þau starfa samkvæmt samþykktum, sem gerðar eru skv. fyrirmynd frá Búnaðarfélaginu og háðar eru staðfestingu þess.

Búfjárræktarstarfsemi á félagssvæði hreppsþúnaðarfélags getur heyrnt beint undir stjórn félags, eða sérstakar nefndir á sviði einstakra búfjárræktargreina. Þá er sá möguleiki, að verkefni félags á sviði einstakra greina sé falið búfjárræktarfélagi, sem fyrir er eða stofnað verður, en til þess þarf minnst sex bændur.

Enn er sá möguleiki, að búfjárræktarsamband nái yfir fleiri en eitt þúnaðarsambandssvæði. Þá getur búfjárræktarfélag náð yfir fleiri hreppa en einn.

Ef staðfest hefur verið samþykkt fyrir félagsform eins og nú var getið, skulu þá renna til slíks sambands eða félags þau framlög, sem lögin mæla fyrir um.

Skv. 1. gr. laga nr. 40/1982 rennur helmingur af árlegum tekjum þúnaðarmálasjóðs til þúnaðarsambanda, og skiptir Þúnaðarfélag Íslands því milli sambandanna.

Í 4. gr. er gerð grein fyrir ráðunautapjónustu í búfjárrækt.

Í 1. t.l. er í 5 liðum gerð grein fyrir störfum búfjárræktarráðunauta félagsins.

Í 2. t.l., sem er miklu lengri, er greint frá héraðsráðunautum þúnaðarsambandanna. Þúnaðarfélagið þarf að samþykkja ráðningu þeirra svo og verkssvið. Í 6 liðum eru tiltekin störf héraðsráðunauta og þar ærið margt tínt til, m.a. kemur þar fram, að þeir eigi að spjalla við bændur (e-liður, 2. t.l. 4. gr.).

Í lok þessarar löngu greinar er mælt svo fyrir, að ríkissjóður skuli greiða 65% af launum héraðsráðunauta og allt að 65% af ferðakostnaði. Í því sambandi þarf að koma til samþykki landþúnaðarráðuneytisins "að fenginni tillögu Þúnaðarfélags Íslands".

Um II. kafla.

Í 5. gr. er mælt fyrir, að á vegum Þúnaðarfélagsins starfi kynbóta-nefnd nautgriparæktar. Þúnaðarþing kys í hana 4 héraðsráðunauta en stjórn Þúnaðarfélagsins tilnefnir formanninn, sem skal vera nautgriparæktarráðunautur félagsins. Í 2. mgr. er greint frá starfssviði nefndarinnar, sem er aðallega að meta naut, sem notuð eru á nautastöðvum skv. 8. gr. og "skipuleggja uppeldi þeirra og notkun".

Í 6. gr. er mælt svo fyrir, að Þúnaðarfélagið reki stöð "til að framleiða djúpfryst nautasæði til geymslu og sölu". Þúnaðarþing setur stöðinni samþykktir.

Í 7. gr. er í mjög löngu máli greint frá hlutverki búnaðarsambanda í sambandi við kynbætur nautgripa. Virðist allt fyrirkomulag meira og minna háð samþykki Búnaðarfélagins annars vegar og ríkisframlögum hins vegar auk þess, sem innheimta skal "gjald af allri innveginni mjólk í mjólkurbúum, er nemi allt að 0.7% af grundvallarverði hennar "eftir ákvörðun stjórnar hlutaðeigandi búnaðarsambands".

Reglurnar um ríkisframlög til sæðingar kúa eru töluvert flóknaðar, og er gert ráð fyrir ýmiss konar frávikum.

Í 8. gr. er mælt fyrir um ríkisframlög til nautastöðva, þar á meðal um aukakostnað vegna einangrunar nauta utan djúpfrystistöðvar, er sauð-fjárveikivarnirnar kunna að ákveða hverju sinni.

Í 9. gr. er ákveðið, að búnaðarsambönd og búnaðarfélag, sem hafa samþykktir staðfestar af Búnaðarfélaginu eigi að fá árlegt framlag "kr. 80.00 á hverja árskú", sem skýrslu er skilað um til Búnaðarfélags Íslands.

Í 10. gr. er tekið fram, hver skuli vera ríkisframlög til afkvæmarannsóknna á nautum, sem "Búnaðarfélag Íslands hlutast til um".

Svo kemur nú að nautgripasýningum á vegum Búnaðarfélags Íslands. Um þær eru mjög rækileg fyrirmæli í 11. gr. Félagið setur reglur um tilhögun og framkvæmd. Þá er í lögum ákvæði um dómnefndir, bæði aðaldómara og meðdómendur og dómstig.

Hvert búnaðarfélag hefur á rétt til að sýna á svonefndri héraðssýningu 1 kú fyrir hverjar 100, sem skýrslu er skilað um, en þó rétt til að sýna 2 kúr hið fæsta.

Í greininni er ákveðið, að ríkissjóður taki þátt í kostnaði við svonefndar sveitasýningar, greiði 3 kr. á hvern framtalinn nautgrip á sýningarsvæði þess árs gegn jöfnu framlagi úr sveitarsjóði.

Svo er í greininni mælt fyrir um upphæð verðlauna, er greiðast að öllu leyti úr ríkissjóði, sem greiðir einnig helming kostnaðar við héraðssýningar, "enda samþykki Búnaðarfélag Íslands þá reikninga".

Nú er komið að 12. gr. Þar er rætt um sérstakt eftirlit með einstökum kúabúum til að sannprófa, "hvort þar finnist álitlegar nautsmæður". Í greininni er mælt svo fyrir, að eftirlitsmaður skuli koma á viðkomandi bú a.m.k. 6 sinnum á ári; "er viðstaddur mjaltir kvöldis og morgna, vegur mjólk úr hverri kú, mælir mjóltun, júgur og spena og tekur sýnishorn til fiturannsóknna, allt eftir reglum, er Búnaðarfélag Íslands setur".

Í 13. gr. er lögboðið, að öll naut 6 mánaða og eldri skuli "gelda, gefa inni eða hafa í öruggri vörzlu."

Um III. kafla

Í 14. gr. er mælt svo fyrir, að í samþykkt búnaðarfélag eða fjárræktarfélag skuli tekið fram, að hver félagsmaður skuli eiga og halda skýrslur um 12 ár til þess að teljast virkur félagsmaður.

Í 15. gr. eru ákvæði um ríkisframlög til búnaðar- eða fjárræktarfé- laga, sem hafa samþykktir sínar staðfestar af Búnaðarfélagi Íslands.

Skal ríkissjóður m.a. greiða kr. 10.00 á hverja skýrslufærða á og kr. 700.00 á hvern hrút, sem hlotið hefur I. verðlaun og kr. 3000.00 á hvern hrút, sem hlotið hefur góðan dóm við afkvæmaprófun eða I. verðlaun á af- kvæmasýningu, sbr. 1. tl. 15. gr. Skv. 2. tl. skulu þessi framlög hækka um 50%, ef 80% af ám félagsmanna eða þar yfir eru "á skýrslu". Þá er þar mælt fyrir um hlutdeild búnaðarsambands í þessum framlögum.

16. gr. er um sæðingarstöðvar. Landbúnaðarráðuneytið þarf að samþykkja, að fengnum tillögum Búnaðarfélag Íslands, stofnun stöðva, hvað snertir staðarval og starfssvæði. Ekki verður séð, að samþykkið taki til annarra þátta, t.d. byggingarinnar sjálfrar (innréttingar) eða búnaðar, en af þessu öllu greiðir ríkissjóður 1/3. Þá greiðir ríkissjóður rekstrarframlög, kr. 25.00 á hverja sædda á, enda samþykki Búnaðarfélag Íslands hrútaval.

Þá kemur að 17. gr. Búnaðarfélaginu er heimilt að taka upp djúpfrystingu á hrútasæði til geymslu og sölu og setur Búnaðarþing reglur um þá starfsemi og kýs fimm manna kynbótanefnd sauðfjár. Ríkisframlög til þessa greiðast með samsvarandi hætti og framlög skv. 16. gr.

Í 18. gr. er heimilað að greiða framlag til stofnræktar sauðfjár er nemi kr. 115.00 á hverja skýrslufærða á. Framlag, sem greitt yrði, kæmi að 4/5 úr ríkissjóði en 1/5 frá búnaðarsambandi.

Í viðauka við 18. gr., lögum nr. 46/1976, er svo kveðið á, að Búnaðarfélaginu beri að sjá um að hreinrækta forustufé. Framlag til slíkrar stofnræktar skal vera tvöfalt miðað við aðra stofnrækt sauðfjár.

Í 19. gr. er ákvæði um gæzlu hrúta og hvernig með skuli fara, ef út af ber.

Nú kemur að hrútasýningum. Um þær er mælt fyrir í 20.-22. gr.

Búnaðarfélaginu ber að halda hrútasýningu í hverjum hreppi fjórða hvert ár. Nú eru hrepparnir 200, svo að meðaltali er skylt að halda 50 hrútasýningar á ári, skv. 1. mgr.

Þá getur búnaðarfélag eða sauðfjárræktarfélag, sbr. 5. mgr., óskað eftir að árlega sé haldin sýning á veturgömlum hrútum. Hlutaðeigandi héraðsráðunaut ber að veita aðstoð við slíkt. Nú er ekkert vitað, hversu mörg þessi félög eru, en gera verður ráð fyrir, að nokkur séu til, ella væru þau varla nefnd í lögum.

Búnaðarfélagi Íslands er heimilt að halda afkvæmasýningar, sýna ær og hrúta, svo sem segir í 21. gr. Skyld er að veita þar 1., 2. og 3. verðlaun bæði fyrir ær og hrúta, en auk skal veita "heiðursverðlaun á hrúta fyrir afkvæmi.

Og ekki er allt búið enn. Að lokinni aðalsýningu á hverju fjögurra ára tímabili er heimilt að halda héraðssýningar á einstökum hrútum og einstökum afkvæmahópum, sbr. 22. gr.

Samkvæmt þessu má gera ráð fyrir því, að það sé ætlun löggjafans að haldnar séu 100 hrútasýningar á hverju ári að mestu leyti á opinberan kostnað.

Reglur um dómnefndarmenn, skipun oddamanns og meðdómenda eru allrækilegar; þær eru í 2., 3., 4., og 5. mgr. 20. gr.

Í 23. gr. er vandlega sundurliðað, hver upphæð skuli greidd í verðlaun, en þau eru veitt skv. 22. gr. Verðlaun, sem ærnar fá eru aðeins fyrir afkvæmi, 1. verðlaun kr. 900.00, en 2. verðlaun kr. 400.00. Samsvarendi verðlaun "á hrúta" eru frá kr. 600.00-3000.00, en auk þess geta hrútar fengið heiðursverðlaun allt að kr. 8000.00.

Á héraðssýningum geta verðlaun verið sexþætt. Afkvæmahópur getur fengið ein verðlaun, en að öðru leyti sitja hrútar að öllum verðlaunum.

Þessi verðlaun, sem eins og áður segir eru veitt á sýningar, skv. 21. gr., eru greidd að 2/3 hluta úr ríkissjóði en 1/3 af hlutaðeigandi búnaðarsambandi.

Í 24. gr. er greint frá afkvæmarannsóknum á hrútum. Búnaðarfélag Íslands setur, að fengnum tillögum kynbótanefndar, ef stofnuð verður, reglur um fyrirkomulag og framkvæmd þessara rannsókna.

Framlag til afkvæmarannsókna, kr. 150.00 á hverja á, greiðist úr ríkissjóði.

Búnaðarfélagið á, skv. 26. gr., að hlutast til um, að geitfjárstarfsemi verði haldið við. Ríkissjóður greiðir eigendum geitfjár allt að kr. 800.00 á hverja geit.

Um IV. kafla.

Í 27. gr. er tekið fram, að stofna megi í hverjum hreppi hrossarættarfélag með sex bændum eða fleiri, sbr. 3. gr., og þar kveðið á um það í 2. mgr., að stjórn félagsins sjái um, að árlega séu til afnota fyrir hrossaeigendur nægilega margir stóðhestar viðurkenndir af hrossarættarráðunaut Búnaðarfélagsins. Hann útvegar girðingar fyrir þá, kemur þeim í fóður, innheimtir folatolla o.s.frv.

Ef hrossarættarfélag starfar ekki í hreppi, fer búnaðarfélag hreppsins með þessi mál, annað hvort stjórn þess eða hrossakynbótanefnd o.s.frv.

Skv. 28. gr. leggur ríkissjóður árlega fram kr. 15.00 á hvert fram talið hross gegn jöfnu framlagi úr sveitarsjóði. Af þessu renna 20% til hlutaðeigandi hrossarættarsambands - búnaðarsambands, en 80% til hrossarættarfélags (búnaðarfélags) til að standa straum af framkvæmd 27. gr.

Um 29. gr.

Auk þess sem segir í 28. gr. greiðir ríkissjóður kr. 200.00 á hverja tampa hryssu, sem hlotið hefur 1. eða 2. verðlaun á svæða-, fjórðungs- eða landssýningu og leidd er til stóðhests, sem hlotið hefur 1. eða 2. verðlaun á sömu sýningu.

Þetta framlag getur hækkað um 50% eða 100%, ef notaðir eru tilteknir stóðhestar.

Um 30. gr.

Búnaðarsambönd - hrossarættarsambönd - fá framlög úr ríkissjóði, kr. 5000.00 út á hvern stóðhest, sem notaður er á vegum þess, og er mælt fyrir um stighækkandi álag á framlag eftir því hve, mikil verðlaun hesturinn hefur fengið. Framlag þetta rennur í sérstakan sjóð á vegum sambandsins.

Þá eru og ríkisframlög, er nema efniskostnaði til girðinga fyrir úrvals-stóðhesta og valdar hryssur.

Ennfremur greiðir ríkissjóður 20% af framlagi til hrossarættar, skv. 29. gr.

Um 31. gr.-33. gr.

Bann við lausagöngu stóðhesta og hvernig með skuli fara, ef út af er brugðið. Nánari ákvæði varðandi stóðhesta í 32.-33. gr.

Í 34. gr. eru ýtarlegar reglur um hrossasýningar, sem halda skal árlega, þegar um er að ræða sýningar hjá búnaðar- og hrossaræktarfélagum, fjórðungssýningar og landssýningar þriðja til fjórða hvert ár.

Ríkissjóður greiðir að verulegu leyti það fé, sem til verðlauna gengur, en reglur um upphæð verðlauna eru í 18 liðum í 35. gr.

Um 36. gr.

Heimilt er að reka á kostnað ríkissjóðs tvö hrossaræktarbú. Búnaðarfélag Íslands hefur umsjón með búunum, sem skulu starfa samkvæmt reglum, sem ráðherra setur, að fengnum tillögum þess.

Í 37. gr. er mælt svo fyrir, að settur skuli á fót sérstakur stofnverndarsjóður hjá Búnaðarfélagi Íslands. Hlutverk hans á að vera að styrkja hrossaræktarsambönd og lána þeim til kaupa á "kynbótahrossum, sem annars kynnu að verða seld úr landi". Tekjustofn sjóðsins er gjald, sem útflytjendur hrossa greiða. Búnaðarfélag Íslands setur reglur um starfsemi sjóðsins og fer með stjórn hans.

Um V. kafla.

Þessi kafla, sem geymir ákvæði um svína- og alifuglarækt, er nokkuð rýr í roðinu, aðeins þrjár greinar um heimild landbúnaðarráðuneytisins, að efna til kynbótabús í þessum greinum á bændaskólabúi eða öðru ríkisbúi eftir því sem bezt þykir henta, á dómi Búnaðarfélags Íslands.

Í 41. gr. segir að halda megi einstaklings- eða afkvæmasýningar "fyrir svín og alifugla". Verðlaun greiðist úr ríkissjóði eftir nánari fyrirmælum, sem ráðherra setur í reglugerð eftir tillögum frá Búnaðarfélagi Íslands.

Um VI. kafla.

Í 42.-43. gr. eru Búnaðarfélagi Íslands falin verkefni varðandi hundarækt. Ekki eru þar ákvæði um ríkisframlög.

Um VII. kafla.

Skv. 44. gr. annast Búnaðarfélag Íslands leiðbeiningar í loðdýrarækt varðandi fóðrun, kynbætur og önnur atriði varðandi loðdýrarækt, sem ekki er kveðið á um í lögum nr. 53/1981.

Félagið ræður til sín ráðunaut í loðdýrarækt, þegar fé er veitt til, sbr. 45. gr.

Þótt Búnaðarfélagið annist, skv. lögnum frá 1981 eftirlit með framkvæmd laganna og reglugerða skv. þeim virðist ihlutunarréttur félagsins skv. því miklu minni en í búfjárrættarlögnum. Landbúnaðarráðuneytið veitir leyfi til stofnunar loðdýrabús að fenginni umsögn félagsins. Þetta er eina ákvæðið af þessu tagi, t.d. þarf ráðherra ekki að leita umsagnar þess, þegar hann úrskurðar, hvort ákveðin dýrategund sé loðdýr eða ekki, sbr. 1. gr.

Reglugerð má setja án þess, að Búnaðarfélagið þurfi að koma þar við sögu.

Um VIII. kafla.

Um 46.-47. gr.

Búnaðarfélagið annast leiðbeiningarstörf um ræktun og hirðingu æðarvarps. Því er heimilt að setja upp í tilraunaskyni útungunar- og uppeldisstöð fyrir æðarunga.

Ekkert er getið um, hvernig fjármagns skuli aflað né að verði staðið, en kostnaður við þetta, sem er víst ekki mjög mikill mun vera greiddur af rekstrarfé B.Í.

Um IX. kafla.

Þar er þráðurinn tekinn upp aftur um stjórn og vald Búnaðarfélagsins.

Um 48. gr.

Landbúnaðarráðuneytið sér um, að aðstaða verði á einu eða fleiri ríkisbúum eða tilraunabúum til kynbótastarfsemi eins og þar er lýst. "Leita skal umsagnar og tillagna Búnaðarfélags Íslands um staðarval og alla tilhögun, sbr. 1. tl.

Bændum er heimilt að vinna að kynbótastarfsemi eins og lýst er í 2. tl., enda hlíti þeir fyrirmælum Búnaðarfélagsins um allt, er varðar framkvæmd ræktunarinnar.

Í 3. tl. segir að heimilt sé að láta bændum í té búfjársæði frá sóttvarnarstöð ríkisins að fengnum meðmælum Búnaðarfélags Íslands. (Athn.: ákvæði laga um sóttvarnarstöðina hafa ekki enn komið til framkvæmda, sbr. 52. gr.)

Um 49. gr.

Á búum þeim, sem um ræðir í 48. gr. ber að hlíta fyrirmælum búfjárrættarráðunauta Búnaðarfélagsins... þeir skera úr o.s.frv., eins og nánar greinir í 49. gr.

Um 50.-51. gr.

Þar er greint frá mjög viðtækum íhlutunarrétti búfjárrættarráðunauta og Búnaðarfélagssins varðandi framkvæmd þessa kafla um ræktun erlendra búfjárkynja og blöndun þeirra við erlend búfé.

Í 52. gr. er mælt svo fyrir, að meðan ákvæði laganna frá 1962 og um innflutning búfjár, sbr. lög nr. 19/1972 koma ekki til framkvæmda þá sé nánar tiltekin „blendingsræktun heimil, að fengnu leyfi Búnaðarfélags Íslands hverju sinni. Þá skal landbúnaðarráðuneytið hlutast til um, að komið verði á fót sérstöku búi, þar sem ræktað sé úrval af þessum stofni. "Búið standi undir umsjá og eftirliti Búnaðarfélags Íslands".

Um X. kafla.

Forðagæzla var og er enn að verulegu leyti viðfangsefni sveitarfélaganna, og var undir yfirstjórn atvinnuáráðuneytisins. Nú fer Búnaðarfélagið með framkvæmd búfjárrættarlaganna, þar með stjórn forðagæzlu, sbr. 2. mgr. 1. gr. búfjárrættarlaganna.

Eins og löggin eru nú orðuð hafa búnaðarsambönd og ráðunautar þeirra eftirlit með forðagæzlumönnum, sem sveitarstjórn kýs, sbr. 1. mgr. 54. gr.

Í þeirri grein er gert ráð fyrir sérstökum aðstoðarmönnum. Skal þóknun þeirra greiddast að 65% úr ríkissjóði, en að 35% af búnaðarsamböndum.

Í 3. mgr. 54. gr. eru ákvæði um tiltekið vald Búnaðarfélags Íslands til að segja sveitarstjórnnum (borgarstjórn, bæjarstjórn, hreppsnefnd) fyrir verkum; sama er að segja um 57. gr. og 64. gr. Það getur e.t.v. verið spurning, hvort slík ákvæði, sem ekki skipta efnislega máli, samræmist 76. gr. stjórnarskrárinnar.

Um XI. kafla.

Í 60. gr. er tekið fram, að verði teknar upp sæðingar fleiri búfjártegunda en sauðfjár og nautgripa, greiði ríkissjóður framlag, sem landbúnaðarráðherra ákveður að fengnum tillögum Búnaðarfélags Íslands.

Um 62. gr. er ekki í sjálfu sér mikið að segja, þótt hún geymi mjög áhrifarík ákvæði fyrir ríkissjóð. Þar stendur, að á framlög, sem ákveðin eru samkvæmt lögnum skuli greiða verðlagsuppbót samkvæmt vísitölu. Hagstofan ákveður grundvöll þessarar vísitölu "í samráði við Búnaðarfélag Íslands".

Í 63. gr. segir, að landbúnaðarráðherra setji "í samráði við Búnaðarfélag Íslands" reglugerð, sem kveði nánar á um framkvæmd laga þessara.

Sú reglugerð er nr. 139/1967.

Um 64. gr. er svo ákveðið, að verði ágreiningur um skilning á lögum þessum eða reglugerðum kveði landbúnaðarráðherra upp fullnaðarúrskurð um slíkt. Í þessu tilfalli er ekki mælt fyrir um umsögn Búnaðarfélags Íslands. Væri fróðlegt að vita, hvort til slíks hefur komið.

Í 65. gr. er mælt fyrir um refsingar, sem liggja við, ef brotið er gegn ákvæðum lagaanna. Þar er mjög óvenjulegt ákvæði, sem sé, að sekt vegna brota á lögum þessum renni til einkaaðila, þ.e. búnaðarfélags þess, þar sem brot er framið.

VIII. LÖG, SEM MÆTTI NÚ ÞEGAR AFNEMA

Í heildaryfirlitinu hér í upphafi er að finna nokkuð af lögum varðandi ríkisútgjöld, sem mætti að minni hyggju afnema án þess, að nokkur maður fyndi fyrir því. Þau eru svo gersamlega úrelt orðin. Þetta skiptir fjárhagslega séð engu fyrir ríkissjóð, en það mundi vera þarfleg grisjun í frumskóginum, sem oft er talað um, að losna við þau úr lagasafninu. Nóg er samt af úreltri löggjöf. Ég tel mér skylt að benda á þetta, því að með því að losna við þessu úreltu lög, verður ögn greiðfærara í lagafrumskóginum.

Þetta heyrir að vísu fremur undir landbúnaðarráðuneytið en fjármálaráðuneytið, en ég tel það fyllilega forsvaranlegt, að fjármálaráðuneytið eigi þarna frumkvæði og leiti samstarfs við landbúnaðarráðuneytið.

Í skránni hér á eftir er til hægðarauka vísað í þá tölusetningu, sem er í heildaryfirlitinu.

Nr. 4. Lög nr. 104/1940 um heimild fyrir ríkisstjórnina til að kaupa nokkrar jarðir og afnotarétt jarða í Ölfusi.

Nr. 6. Lög nr. 58/1915 um mælingar á túnnum og matjurtagörðum.

Nr. 21. Lög nr. 44/1911 um heyforðabúr.

Nr. 22. Lög nr. 73/1917 um samþykktir um kornforðabúr til skepnu-
fóðurs.

Nr. 23. Lög nr. 80/1936 um fódurtryggingasjóði.

Nr. 28. Lög nr. 25/1923 um berklaveiki í nautpeningi.

Nr. 39. Lög nr. 29/1937 um útrýmingu sels úr Húnaósi.

Mér er ekki ljóst, hvort lög varðandi Flóaáveitu og Skeiðaáveitu hafa raunhæft gildi; ef eitthvað af þeim hefur slíkt gildi, mætti sjálfsagt koma því fyrir í örstuttu máli og þá afnema fimm lög, nr. 13 - 17.

Vera má, að lögin nr. 50/1929 um innflutning og ræktun sauðnauta (nr. 20 í heildaryfirliti) eigi einhvern formálanda, en varla er ástæða til að hafa í gildi lög um skyldu ríkisstjórnarinnar að flytja inn sauðnaut "svo fljótt sem því verður við komið" eða hlutast til um slíkt og ákvæði um greiðsluskyldu ríkissjóðs varðandi kostnað við framkvæmd lagaanna.

IX. NIBURSTÖÐUR

Þótt menn kunni að vera sammála um það, að íslensk landbúnaðarlöggjöf sé á margan hátt girnileg til fróðleiks, er hún heldur óárennilegt viðfangsefni. Það er líka svo, að mjög lítið hefur um hana verið ritað á fræðilegum grundvelli, a.m.k. á seinni áratugum.

Sú greinargerð, sem hér birtist, er aðeins stutt yfirlit um, hvaða lagaákvæði gildi nú um skyldu ríkissjóðs til greiðslu vegna framkvæmdar laga um landbúnaðarmál ásamt nokkrum fróðleiksmolum, sem snerta þróun þessara mála, stjórnkerfið, sem fer með framkvæmd þessara mála og annað skylt. Var þessa sérstaklega óskað í samtali okkar fjármálaráðherra, þegar mér var falið þetta verk. Þá óskaði hann, að ábendingar kæmu um það, hvernig skyldi standa að breytingum, ef svo væri, að mér virtist breytinga þörf.

Rétt er að taka fram, að ég var mjög ókunnugur landbúnaðarlöggjöfinni, þegar ég hóf þessa könnun, og ber greinargerðin þess sjálfsagt vitni. Ég hef ekki talið það hlutverk mitt að ræða hér efnisþætti að neinu ráði, heldur er það, sem nú kemur, fyrst og fremst hugleiðingar frá lögfræðilegu sjónarmiði.

Hið fyrsta sem vakti athygli mína er það, hversu þessi löggjöf er að ýmsu leyti ósamstæð og margt af henni úrelt. Mér þótti sitthvað í löggjöfinni bera þess merki, að margsinnis hefði verið breytt og aukið við, án þess að heildarsjónarmiða og nútímalegra skoðana um löggjafaratferlið væri gætt. Þar er geysilega margt að finna, sem ég tel, að eigi alls ekki heima í lögum frá Alþingi, sitthvað heldur klaufalegt, jafnvel broslegt. Þá eru lagaákvæðin um greiðsluskyldu ríkissjóðs óeðlilega flókin og fyrir vikið erfitt að fá heildarmynd af þessari löggjöf, sem er þrátt fyrir annmarkana á margan hátt merkileg. Sérstaklega rak ég augun í það, hversu stjórnkerfi landbúnaðarins er frábrugðið því, sem almennt gerist.

Mun ég fyrst víkja að því. Að forminu til fer landbúnaðarráðuneytið með yfirstjórn landbúnaðarmála, en þegar farið er að athuga löggjöfina nánar, kemur í ljós, að í raun er þetta á allt annan veg. Ákvörðunar- möguleikarnir og ákvörðunarvaldið eru í raun að mjög verulegu leyti hjá Búnaðarfélagi Íslands. Það hefur, ef svo má segja, vaxið Stjórnarráðinu yfir höfuð á flestum sviðum landbúnaðarmála. Félagið hefur ekki tekjur til starfsemi sinnar utan þá fé, sem það fær úr ríkissjóði, ýmist samkvæmt beinum ákvæðum laga eða árlegum fjárveitingum á fjárlögum. Þótt svona sé skipað málum á ríkisvaldið engan íhlutunarrétt um stjórn félagsins eða starfshætti; hefur það komið fram oftár en einu sinni hér að framan. Félagið fer með beina stjórn á vissum þáttum ríkisvaldsins, það markar opinbera stefnu á vissum sviðum, stjórnar raunverulegum ríkisframkvæmdum, annast fjársýslu fyrir ríkið o.s.frv. Það hefur á að skipa

allfjölmennu starfsliði, sem ráðið er af stjórn félagsins og nýtur réttinda ríkisstarfsmanna án þess að ríkisvaldið hafi nokkuð um þessi mál að segja. Og sem dæmi um það, hvernig málum er skipað, er það, að reikningar félagsins ganga ekki til ríkisendurskoðunar.

Nú fer því víðsfjarri, að í þessu felist gagnrýni á störf félagsins, enda kann ég ekkert af þeim að segja. Það, sem ég vil varpa fram til íhugunar er það, hvort það teljist eðlilegt, að þessi skipun haldist. Þetta er fyrst og fremst pólitískt mál. Þótt núverandi fyrirkomulag virðist hálfkyndugt frá lögfræðilegu sjónarmiði, að félagsskapur með sjálfvirku stjórnkerfi, fari með ákveðinn þátt ríkisvaldsins, má vel vera, að þetta sé hagkvæmt og skynsamlegt.

Því varpa ég fram sem fyrstu ábendingu, hvort eðlilegt sé, að núverandi stjórnkerfi haldist.

Önnur ábending er þegar komin fram í VIII. kafla. Hún felur í sér, að stigið verði fyrsta skrefið til lagahreinsunar hvað snertir skylduframlög ríkissjóðs.

Þriðja ábending er sú, að endurskoðuð verði hið fyrsta löggjöfin um landbúnaðarmál, hvort sem stjórnkerfið verður látið haldast eða því breytt. Sú endurskoðun, sem ég á við, er ekki hugsuð í því skyni að auka eða minnka ríkisframlög til landbúnaðarmála. Það er pólitísk spurning, sem ekki er mitt hlutverk að ræða hér. Ég á eingöngu við, að lagabálkar eins og t.d. jarðræktarlög og búfjárræktarlög verði færðir í skaplegt horf; allt það efni, sem ekki er nauðsynlegt að standi í lögunum verði flutt yfir í reglugerðir, ef ekki er alveg hægt að fella það brott, greiðslukerfið verði stórlega einfaldað og horfið frá þeim fornfálega hætti að láta Alþingi ákveða hrein framkvæmdaratriði eins og t.d. kveða á um það, hvernig með 18 mismunandi móti eigi að verðlauna kynbótahross á sýningum o.s.frv.

Ég fullyrði, hvað sem líður fyrstu ábendingu, að framkvæmd á annarri og þriðju mundi gera landbúnaðarlöggjöfina miklu geðslegri en nú er, auðveldari til skilnings og þar með framkvæmd markvissari á allan máta.

Það er kominn tími til að grisja í þessum mikla frumskógi, sem landbúnaðarlöggjöf okkar er stundum kölluð.

Tillögur

um breytingar á tilteknum lagaákvæðum varðandi landbúnaðarmál

Frv. til laga um afnám laga nr. 29, 13. júní 1937 um útrýmingu sels úr Húnaósi.

1. gr.

Lög nr. 29, 13. júní 1937 um útrýmingu sels úr Húnaósi eru felld úr gildi.

2. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi.

Greinargerð:

Þessi lög munu hafa verið sett á þeim tíma, þegar selveiði var talin til meiri háttar hlunna. Nú er það liðin tíð, enda ekki vitað til þess, að slíkar bætur væru greiddar. Hér var um að ræða ráðstöfun til að vernda laxastofninn.

Svo verður að líta á, að afnám þessara laga sé þörf lagahreinsun. Presturinn, sem áður bjó í Steinnesi og hafði selveiðiréttindin, er nú á Blönduósi og mun ekki stunda selveiði og varla hyggja á slíkt. Frumvarpið er flutt með vitund biskupsstofu.

Frv. til laga um afnám laga nr. 25, 20. júní 1923 um berkaveiki í naupeningi.

1. gr.

Lög nr. 25, 20. júní 1923 um berkaveiki í naupeningi eru felld úr gildi.

2. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi.

Greinargerð:

Lög þessi hafa sjálfsagt verið hin þörfustu á sínum tíma, en ætla verður, að þau hafi runnið skeið sitt á enda og því megi afnema þau. Ákvæði laganna, t.d. 4. gr. eru þannig að ekki virðist minnsti möguleiki á því, að þau verði framkvæmd eftir orðanna hljóðan. Ættu nýrri lög að ná yfir efni laganna.

Í lögnum er gert ráð fyrir tiltekinni greiðsluskyldu ríkissjóðs, lítilfjórlegri að visu, en ástæðulaust þykir að halda slíku í lögum, og er því lagt til, að lögin verði afnumin.

Frv. til laga um afnám laga nr. 80, 23. júní 1936 um fððurtryggingasjóði.

1. gr.

Lög um fððurtryggingasjóði nr. 80, 23. júní 1936 eru felld úr gildi.

2. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi.

Greinargerð:

Sjálfsgagt hafa þessi lög þótt þarfleg á sínum tíma, en nú er svo komið, að gripið er til annarra úrræða, ef fððurskortur verður. Ekki er vitað til þess, að á ákvæði þeirra hafi reynt, enda er öll stjórnsýsla í sambandi við þau geysilega flókin. Í þeim eru lagðar greiðsluskyldur á ríkissjóð, að vísu litlar á nútíma mælikvarða. Hins vegar verður að líta svo á, að hér sé um að ræða löggjöf, sem ekki hafi nokkra þýðingu lengur, tekur hins vegar óhæfilega mikið rými í Lagasafni. Því er lagt til, að þau verði felld úr gildi.

Lög um afnám laga nr. 73, 14. nóvember 1917 um samþykktir um kornforðabúr til skepnufóðurs.

1. gr.

Lög nr. 73, 14. nóvember 1917 um samþykktir um kornforðabúr til skepnufóðurs eru felld úr gildi.

2. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi.

Greinargerð:

Ekki er til þess vitað að þessi lög hafi komið til framkvæmda. Þau byggjast á viðhorfum, sem nú eru vonandi úr sögunni. Í þeim er gert ráð fyrir vissum greiðslum úr ríkissjóði og sveitarsjóðum.

Virðist með öllu ástæðulaust að halda slíku í lögum, og er því lagt til að þessi óvirku lög verði felld úr gildi.

Frv. til laga um afnám laga nr. 104, 14. maí 1940 um heimild fyrir ríkisstjórnina til að kaupa nokkrar jarðir og afnotarétt jarða í Ölfusi.

1. gr.

Lög nr. 104, 14. maí 1940 um heimild fyrir ríkisstjórnina til að kaupa nokkrar jarðir og afnotarétt jarða í Ölfusi eru felld úr gildi.

2. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi.

Greinargerð:

Lög þessi byggjast á sjónarmiðum, sem nú þykja með öllu úrelt. Samkvæmt þeim er til þess ætlað, að unnt sé að binda ríkissjóði bagga fjárhagslega séð. Virðist með öllu ástæðulaust að halda slíku í lögum, og miðar frumvarpið að lagahreinsun að því er tekur til ríkisfjármála. Því er lagt til að löggin verði felld úr gildi, enda ekki vitað til að nokkur áhugi sé lengur á að framfylgja þeirri stefnu, sem löggin byggist á.

Frv. til laga um afnám laga nr. 44, 11. júlí 1911 um samþykktir um heyforðabúr.

1. gr.

Lög nr. 44, 11. júlí 1911 um samþykktir um heyforðabúr eru felld úr gildi.

2. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi.

Greinargerð:

Efni þessara laga kann að hafa verið hið þarflegasta fyrir rúmum 70 árum, en ekki verður þó séð að þær heimildir, sem þau gera ráð fyrir hafi verið notaðar. Ef reynt hefur á ákvæði þau, sem löggin geyma, virðist hafa verið gripið til annarra úrræða en þar er gert ráð fyrir.

Lögin gera ráð fyrir greiðsluskyldum ríkissjóðs í sambandi við framkvæmd þeirra, að vísu algerlega óraunhæfum miðað við verðlag nú orðið.

Virðist ástæðulaust að halda slíkum forngripum í lögum, og er því lagt til, að þau verði felld úr gildi.

Frv. til laga um afnám laga nr. 58, 3. nóvember 1915, um mælingar á túnum og matjurtagörðum.

1. gr.

Lög nr. 58, 3. nóvember 1915 um mælingar á túnum og matjurtagörðum eru felld úr gildi.

2. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi.

Greinargerð:

Vel má vera, að hér hafi verið um að ræða nytsamleg lög á sínum tíma. Samkvæmt 1. gr. átti framkvæmd þeirra að vera lokið 1920, þannig að þarflaust virðist að halda þeim lengur í gildi. Þau binda ríki og sveitarfélögum vissa fjárhagslega bagga, sem raunar skipta nú litlu máli. Hins vegar er ástæðulaust að halda slíku í lögum og þykir sjálfsögð lagahreinsun að fella þau úr gildi. Er því lagt til, að svo sé gert.

Frv. til laga um afnám laga um greiðslu kostnaðar af Skeiðaáveitunni nr. 43, 19. maí 1930 svo og laga um breytingu á þeim lögum og viðauka nr. 77, 23. júní 1936.

1. gr.

Lög um greiðslu kostnaðar af Skeiðaáveitunni nr. 43, 19. maí 1930 svo og lög nr. 77, 23. júní 1936 um viðauka við þau lög og breyting á þeim eru felld úr gildi.

2. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi.

Greinargerð:

Það má vafalaust segja um Skeiðaáveituna eins og um Flóaáveituna, að hún var merkileg framkvæmd á sínum tíma. Hins vegar munu löggin um hana fyrir löngu orðin óvirk, en fela hins vegar í sér vissar greiðsluskuldbindingar ríkissjóðs, sem ástæðulaust virðist að halda í lögum. M með vísun til þessa er lagt til að löggin verði afnumin. Er það einn liður í nauðsynlegri lagahreinsun, sem snerta ákvæði, er varða fjármálaráðuneytið.

Frv. til laga um afnám áveitu í Flóann nr. 68, 14. nóv. 1917, ásamt viðauka og breytingum nr. 10, 15. júní 1926, svo og viðaukum og breytingum nr. 56, 19. júní 1933 og nr. 117, 30. des. 1943.

1. gr.

Lög nr. 68, 14. nóvember 1917 eru felld úr gildi, svo og lög nr. 10, 15. júní um breytingu og viðauka við þau lög, lög nr. 56, 19. júní 1933 og lög um sama efni nr. 117, 30. des. 1943 eru felld úr gildi.

2. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi.

Greinargerð:

Flóaáveitan var á sínum tíma stórmerkileg framkvæmd eins og lesa má um í ritum eftir þá Sigurð Sigurðsson búnaðarmálastjóra og dr. Þorkel Jóhannesson prófessor. Var talið, að frægð hennar hefði farið svo víða, að jafnvel Pius páfi 11. hafi kynnt sér málið.

Nú er þetta hins vegar liðin tíð. Samkvæmt upplýsingum, sem aflað hefur verið, hafa framangreind lög enga raunhæfa þýðingu lengur. Þau kveða hins vegar á um ýmiss konar skuldbindingar ríkissjóðs, sem ástæðulaust virðist, að lengur standi í lögum. Ekki er vitað til þess, að nein ákvæði laganna hafi raunhæfa þýðingu lengur. Þykir því ástæðulaust að hafa þau öllu lengur í Lagasafni, og er lagt til, að þau verði felld úr gildi.